



Eining-Ídja

F É L A G S B L A Ð



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14,
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is



Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson
Umsjón, textagerð og prófarkalestur: Fremri
kynningarþjónusta, Furuvöllum 13, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar: Andrea Sombit Siengboon og
Rafn Kjartansson.

Auglýsingar: P. J. auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262.

Bréfasími 566 8236.

Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd: Tilhlökkun - jólin koma!

Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Íðju á Dalvík:

Ráðhúsinu. Sími: 466 1340

Bréfasími: 466 1041

Netfang: runa@eining-idja.rl.is

Opið kl. 10-14 mánud., þriðjud., fimmtud.
og föstudaga og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Skrifstofa Einingar-Íðju í Ólafsfirði:

Múlavegi 1. Sími 466 2318

Bréfasími 466 2681

Netfang: gusti@eining-idja.rl.is

Opið kl. 9-13 virka daga

Efnisyfirlit:

Námskeið um einelti	4
Kjarasamningar	
Áhersla á jöfnun kjara og réttinda	4
Öflugur hópur	6
Eining-Íðja í samfloti innan SGS	6
SGS og Flóabandalagið samstiga	7
Verkalýðshreyfingin	
Þrjú stór þing í október	8
Kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni	8
Áhersla á kaupmátt og lægstu launin	9
Erum ekki til viðtals ef... ..	10
Orlofsferðir: Þrjár forvitnilegar ferðir	12
Desemberuppbót	14
Afsláttur í líkamsrækt og sund	14
Námsstyrkir	14
Leiðrétting	14
Vetrarleiga orlofshúsanna	16
Stöðugildum fjölgað í frystihúsi Samherja	16
Launahækkun um áramót	16
Fréttavakt á vef félagsins	16
Óbreytt þjónusta	16
Skilaboð á taílensku	17
Eining-Íðja: Uppbygging og skipulag félagsins	18
Skilaboð á ensku	20
Alltaf fundist gaman að vinna fyrir verkalýðshreyfinguna	22
Byggist á einstaklingum sem rífa starfið áfram	22
Nennti ekki að hanga og horfa á!	24
Sé eftir því að hafa ekki farið fyrr!	26
Almenn ánægja eldri félagsmanna	27
Jólamyndagáta	28
Jólakrossgáta	29
Verðlaunagetraun	30
Lausnir á gátum	30



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm
sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna.
Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvalls eftir því
sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandis.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins
til að ná settu markmiði.


Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.



Dæmi um hækkun séreignar umfram almennar verðlagshækkanir:

Raunhækkun safna 1/1 1999 - 31/10 2003



Séreignardeild

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á lagginnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, **Safn I** og **Safn II** og má sem dæmi nefna að raunhækkun þeirra frá upphafi og til loka október 2003 var **45,4% á Safni I** og **51,8% á Safni II**. Þetta er hækkun sem varð á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á þessum 58 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hækka jafnt og þétt milli ára. Mikilvægt er að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0.5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarspamaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign, en mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

Kjarasamningar

Áhersla á jöfnun kjara og réttinda

Kröfugerð Starfsgreinasambands Íslands í komandi kjarasamningum við ríkisvaldið var lögð fram á fundi með fulltrúum samninganefndar ríkisins í húsnæði ríkissáttasemjara fimmtudaginn 20. nóvember. Að auki hefur verið samþykkt kröfugerð í samningum við Samtök atvinnulífsins og hún kynnt atvinnurekendum.

Nú eru í undirbúningi sameiginlegar áherslur félaga og landssambanda innan ASÍ gagnvart ríkisstjórninni og varðandi tryggingarákvæði kjarasamninganna en það er gert á svokölluðum samráðsvettvangi ASÍ. Þar eiga fulltrúa landssamböndin innan ASÍ ásamt þremur stærstu félögunum, Einingu-Íðju, VR og Eflingu. Þar ber hæst skattamál, atvinnuleysistryggingar og fleira.

Þungur róður framundan

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, er jafnframt formaður sviðs opinberra starfsmanna innan SGS og samninganefndar SGS í samningum við ríkisvaldið. Í samtali við félagsblaðið sagðist hann eiga von á að það yrði þungur róður í samningum við ríkisvaldið.

„Við munum láta á það reyna nú í desember hvort menn vilja standa við gefin loforð um jöfnun kjara og réttinda okkar fólks til jafns við aðra opinbera starfsmenn,“ segir Björn. Þar vísar hann meðal annars í loforð sem Geir H. Haarde fjármálaráðherra gaf í tengslum við endurskoðun hinna svokölluðu rauðu strika þann 13. desember 2001 sem enn á eftir að efna nú tæpum tveimur árum síðar. Björn segir að í þessu sambandi verði mest áhersla á laun, veikindarétt og lífeyrisréttindi en að auki þurfi að leiðrétta fjölmörg atriði á þessum vettvangi.

„Við gerum líka kröfu um að að tryggt verði að aðrir ríkisstarfsmenn fari ekki fram úr okkar fólki að nýju í næstu samningum þeirra, en kjarasamningar margra opinberra starfsmanna verða lausir í lok næsta árs.“

Áhersla á stöðugleika, kaupmátt og jöfnun kjara

Meginmarkmið og almenn stefnumörkun í kröfugerðinni eru að áhersla verði lögð á stöðugleika sem tryggi að launahækkanir skili sér í auknum kaupmætti, sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kjara og réttinda félagsmanna innan aðildarfélaga SGS sem starfa hjá ríkinu til móts við aðra opinbera starfsmenn, áhersla verði á starfs- og símenntun



Frá fundi fulltrúa SGS og ríkisvaldsins í húsnæði sáttasemjara þann 20. nóvember þegar lagðar voru fram kröfur fyrir komandi kjarasamninga.

og að umræða um samningstíma fari fram um leið og rætt er um kaupliði. Þá er lögð áhersla á skýr opunarákvæði kjarasamningsins vegna verðbólgu og launaþróunar annarra hópa ef ljós kemur að svigrúm til launahækkana reynist meira en gengið var út frá við kjarasamningsgerðina.

Ásamt Birni eru fulltrúar Einingar-Íðju í samningum við ríkisvaldið þau Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-Íðju, Erla Sigurgeirsdóttir, starfsmaður FSA, og Geir Guðmundsson, starfsmaður Vega-gerðarinnar.

Höfuðáhersla á lægstu launin

Á öðrum fundi fimmtudaginn 20. nóvember var samþykkt kröfugerð Starfsgreinasambandsins í samningum við Samtök atvinnulífsins. Fyrir hönd Einingar-Íðju sátu þann fund þau Björn Snæbjörnsson, Matthildur

Sigurjónsdóttir, Anna Júlíusdóttir, Þorsteinn E. Arnórsson og Þorsteinn J. Haraldsson.

Kröfugerð SGS var kynnt atvinnurekendum á fundi 25. nóvember. Samkvæmt þeim er lögð höfuðáhersla á hækkun lægstu launa og að samið verði um nýja launatöflu sem byggji á sex þrepum og að öllum starfsheiti, sem taka laun eftir samningum SGS, verði raðað inn í töfluna. Samningstími verði fjögur ár að því gefnu að takist að semja um nýja launatöflu og tryggingarákvæði. Gangi kröfur SGS eftir munu lægstu taxtar hækka um nálægt 30% á samningstímabilinu, almennar launahækkanir verða 19,25% og dagvinnutrygging hækka strax við gildistöku í 110 þúsund krónur á mánuði en verði að lágmarki 130 þúsund krónur við lok samnings 2007, sem þýðir um 40% hækkun. Nánar er fjallað um kröfugerðina á heimasíðu félagsins, www.eining-idja.is.

Námskeið um einelti

Á vef Alþýðusambands Íslands, www.asi.is, er námskeið um einelti á vinnustöðum sem hægt er að fara í gegnum með auðveldum hætti og kynna sér þannig hvað einelti er, hvernig eigi að bregðast við því, hvernig hægt er að átta sig á því þegar einhver er beittur einelti og svo framvegis.

Í inngangi segir meðal annars að með námskeiðinu sé vonast til að fólk fái innsýn í það hvort einelti viðgangist á vinnustaðnum og hvað fólk geti gert til að sporna við því. Námskeiðið er sérstaklega hugsað fyrir það starfsfólk sem verður fyrir aðkasti, ofbeldi og einelti í vinnunni en er þó öðrum opið og lærdómsríkt fyrir

þá sem vilja kynna sér hvað hægt er að gera gegn einelti. Markmiðið er að styrkja þá sem telja sig verða fyrir einelti þannig að þeir geti metið hvort þeir eru þolendur og þá hvernig er verið að beita þá ofbeldi og hvernig best sé að taka á eineltinu. Stjórnendur, trúnaðarmenn og aðrir þurfa að þekkja til þessara mála á vinnustaðnum og námskeiðið getur hjálpað fólki við að átta sig á helstu birtingarmyndum eineltis.

Námskeiðinu er skipt í fimm hluta; hvað er einelti, sjálfstjórn þolenda, hvernig fer einelti fram, ástæður eineltis og gerendur. Í því eru meðal annars verkefni sem fólk vinnur jafnóðum og farið er í gegnum námskeiðið.

Himneskt bragð jarðnesk hollusta

Það sem gerir Húsavíkurljóguðrt svana
góða er að hún er **hreinn**
náttúruafurð án allra aukaefna.

Á markaðnum eru margar
bragðtegundir af Húsavíkurljóguðrt og
ættu því allir að finna einhverja við
sitt hæfi. Hún er eina ljóguðrtin á
markaðnum í 1/2 l ferum.
Fernumar hafa nú fengið nýtt útlit.

Almenningur gerir sér æðlsari grein
fyrir mikilhægi hallrar og næringrar-
ríkrar fæðu í uppbyggingu líkamans.
Húsavíkurljóguðrt er góður valkostur
í heilbrigðum lífsstíl.



NÝJAR UMBÚÐIR

HÚSAVÍKUR
Jóguðrt

Kjarasamningar

Öflugur hópur

Undirbúningur fyrir kjarasamningana hefur staðið lengi og hafa margir félagsmenn Einingar-Íðju komið að honum. Fimmtíu manna samninganefnd er starfandi á vegum félagsins.

Segja má að undirbúningur að kjarasamningalotunni sem framundan er hafi byrjað í janúar. Eins og fram kom í félagsblaðinu í júní var gerð könnun á vilja félagsmanna um hvaða atriði ætti að setja í forgang í samningaviðræðum. Þau fjögur atriði sem afgerandi flestir félagsmenn nefndu í könnuninni voru: Hækkun skattleysismarka, aukinn kaupmáttur launa, hækkun lægstu launa umfram aðra og krónutöluhækkun launa.

Mikið undirbúningsstarf

Þrátt fyrir að aðalsamninganefnd félagsins hafi nú framselt umboð til að gera stærstu samningana til samninganefndar SGS starfar nefndin að sjálfsögðu áfram og hefur endanlegt ákvörðunarvald áður en til atkvæðagreiðslu félagsmanna um nýja samninga kemur.

Samninganefndin er öflugur hópur fólks með mikla reynslu af starfi verkálýðshreyfingarinnar og þekkingu á högum verkafólks. Síðastliðið vor sóttu samninganefndarmenn námskeið í samningatækni

Aðalbjörg Sigvaldadóttir,	Skinnaíðnaður	Ingigerður Jónsd.,	varaform. svæðisr. Dalvíkurb.
Anna Júlíusdóttir,	ÚA	Ingimar Harðarson,	Norðlenska
Árni Másson,	Gatnagerð Akureyrarbæjar	Jakob Tryggvason,	Securitas
Ásrún Ásgeirsdóttir,	Dvalarheimilið Hlíð	Jón Kristinn Arngrímsson,	Sæplast
Birkir Freyr Ólafsson,	Samherji	Jón Þór Benediktsson,	Fiskeldi Eyjafjarðar
Björn Snæbjörnsson,	skrifstofa Einingar-Íðju	Jóna Jónasdóttir,	ÚA
Doris Adamsdóttir,	FSA/Kristnesi	Júlíana Kristjánsdóttir,	Securitas
Edda Þórisdóttir,	Kexsmiðjan	Kolbrún Árnadóttir,	Þelamerkurskóli
Egill Ragnarsson,	Samherji	Magnús Björnsson,	Vífillfell
Einir V. Björnsson,	SBA/Norðurleið	Margrét Marvinsdóttir,	Norðurmjól
Elisabet Jóhannsd.,	form. Svæðisráðs Hríseyjar	Marzibil Kristjánsd.,	form. svæðisr. Grýtub.hr.
Erla Hrunð Friðfinnsd.,	Leikskólinn Lundarsel	Matthildur Sigurjónsd.,	skrifst. Einingar-Íðju
Erna Friðriksdóttir,	Lindin	Ólafur Theódórss.,	Gúmmív., bobbingadeild
Eyþór Karlsson,	Endurvinnslan	Reynir Helgason,	Eimskip
Garðar Vésteinsson,	Dekkjahöllinn	Sigríður K. Bjarkad.,	Leikskólinn Pálmholt
Geir Guðmundsson,	Vegagerðin	Sigurður Karlsson,	Securitas
Geir Óskarsson,	Samherji	Sigurður S. Ingólfsson,	Norðurmjól
Guðmundur Björnsson,	SS Byggir	Sólveig Jónasd.,	Ak.bær, félagsstarf aldraðra
Guðmundur Karlsson,	Sambýlið Þratarlundi	Stefán Aðalsteinsson,	Kjarnafæði
Guðrún Skarphéðins.,	form. svæðisr. Dalvíkurb.	Stefán Benjamínsson,	Krossanes
Gunnar Ólafsson,	Skinnaíðnaður	Svanhildur Sigtryggsdóttir,	Brekkskóli
Halldóra H. Höskuldsdóttir,	ÚA	Sæbjörg Ágústsd.,	formaður svæðisr. Ólafsfj.
Hildur Gunnarsdóttir,	MA	Valdimar Gunnarsson,	Odd-Vitinn
Hilmir Helgason,	Möl og sandur	Þorsteinn J. Haraldsson,	Slippstöðin
Hólmfríður Hreinsd.,	Ak.bær heimilisþjónusta	Þórhildur Sigurjónsdóttir,	Glófi

sem félagið stóð fyrir á Illugastöðum og þótti það takast vel. Þar var farið yfir allt það fjölmarga sem gott samninganefndafólk þarf að kunna skil á. Vinna við samningagerð getur verið flókin og umfangsmikil og því mikill akkur í því fyrir félagið að okkar fólk standi vel að vígi.

Í lok september kom nefndin saman í Sveinbjarnargerði til þess að stilla saman strengina. Þar var fjallað um komandi samningalotu frá ýmsum hliðum. Einnig

var á fundinum farið ítarlega yfir allan undirbúning kröfugerðar og væntanlegan framgang samningaviðræðna en þar er að sjálfsögðu að mörgu að hyggja.

Þitt fólk í eldlínunni

Til þess að auðvelda félagsmönnum að vera í beinu sambandi við fulltrúa í samninganefndinni er hér birtur listi yfir alla 50 fulltrúana en listann er einnig að finna á vef félagsins, www.eining-idja.is.

Eining-Íðja í samfloti innan SGS

Samninganefnd Einingar-Íðju samþykkti á fundi í október að veita aðalsamninganefnd Starfsgreinasambands Íslands umboð til þess að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsins.

Umboðið tekur til samninga við Samtök atvinnulífsins og ýmis önnur samtök, fyrirtæki og stofnanir sem samið var við í apríl og maí árið 2000. Ásamt aðalkjarasamningi við SA eru í þeim pakka samningar fyrir tiltekna starfshópa og við tiltekin fyrirtæki.

Einnig ákvað samninganefndin að taka þátt í gerð sameiginlegs kjarasamnings félaga innan Starfsgreinasambands Íslands við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna félagsmanna sem vinna hjá ríkinu. Samningar sem um ræðir og snerta félags-

menn Einingar-Íðju eru aðalkjarasamningur SGS, samningur vegna starfsfólks FSA og samningur vegna starfsfólks hjá MA og VMA.

Björn Snæbjörnsson og Matthildur Sigurjónsdóttir eru ábyrgðarmenn Einingar-Íðju fyrir alla samninga félagsins og eiga sæti í aðalsamninganefnd SGS. Þá taka formenn og í einhverjum tilvikum varaformenn eða aðrir fulltrúar starfsgreinaeilda virkan þátt í samningagerðinni, hver á sínu sviði.

Félagið semur sjálft við allmörg fyrirtæki

Á nefndum fundi samninganefndarinnar í október var jafnframt ákveðið að allmargir samningar verði gerðir af félaginu sjálfu í samstarfi við trúnaðarmenn á viðkomandi

vinnustöðum. Þeir samningar sem hér um ræðir eru við Ísstöðina á Dalvík, Samherja á Dalvík, Hjalteyri og í Strýtu á Akureyri, ÚA á Akureyri og Grenivík, Eimskip, FMN og Sæplast. Björn Snæbjörnsson, Matthildur Sigurjónsdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson eru fulltrúar samninganefndarinnar við samningagerðina ásamt formönnum deilda félagsins eftir því sem við á.

Samningar vegna starfsmanna í Krossanesverksmiðjunni og Slippstöðinni á Akureyri eru einu núgildandi samningar félagsins á almennum vinnumarkaði sem eru í gildi lengur en til 31. desember 2003. Samþykkt var að endurnýjun þeirra samninga verði í höndum félagsins í samstarfi við trúnaðarmenn á þessum vinnustöðum.

SGS og Flóabandalagið samstiga

Starfsgreinasamband Íslands, fyrir hönd aðildarfélaganna á landsbyggðinni, og Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og Sjómannafélag Kerflavíkur og nágrennis, sem myndað hafa Flóabandalagið svokallaða ákváðu á haustdögum að koma samstiga til samninga en þó þannig að hvor hópur hefur sína samninganefnd.

Hópurinn hefur kynnt almenna stefnu-mörkun sína í komandi kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins. Í fréttatilkynningunni segir meðal annars:

„Í öllum meginatriðum fara áherslur aðila saman og byggja á eftirfarandi meginatriðum:

- að auka kaupmátt án þess að stöðugleika verði stefnt í voða
- að hækka lægri laun umfram önnur laun og draga þannig úr launamun í þjóðfélaginu
- að leggja áherslu á starfs- og símenntun með því að festa starfsmenntasjóðina í sessi og tryggja fjármögnun þeirra.“



Frá fjölmiðlafundi SGS og Flóabandalagsins.

Sterkari saman

Í samtali við Félagsblaðið sagðist Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, fagna þessari auknu samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar og vonast til þess að með því að koma sameinuð og sterk til viðræðna muni þessi félög ná fram hagstæðari samningum en ella. „Það eru mörg mál sem þarf að sækja fast í komandi kjarasamningum og það eru mál sem brenna jafnt á verkafólki á landsbyggðinni og á suðvesturhorninu. Það sem sameinar okk-

ur í baráttunni og er sameiginlegt með öllum aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins er miklu meira en það sem skilur okkur að þannig að það er engin spurning að með þessum hætti stöndum við mun betur að vígi hvort tveggja gagnvart atvinnurekendum varðandi launin sjálf og mörg mikilvæg réttindamál og ríkisvaldinu varðandi til dæmis eflingu velferðarkerfisins, varnarárbáttu atvinnuleysisbótanna, skattamál og fleira.“

Hörð réttindabarátta framundan

Fram kom á fjölmiðlafundinum að þessi hópur stefnir að því að gera einn sameiginlegan samning við ríkisvaldið, þannig að í raun verði til einn samningur úr fjórtán núgildandi samningum. Þar er væntanlega hörð réttindabarátta framundan þar sem barist verður til síðasta blóðdropsa fyrir því að réttindi og kjör félagsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands sem starfar hjá ríkinu verði færð til samræmis við kjör ríkisstarfsmanna í stéttarfélögum opinberra starfsmanna – eins og lofað hefur verið en ekki staðið við.

www.airiceland.is

Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort

ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands



Finn kostur á ferðalögum

Flugferðir

Hótel

Veitingar

Bílaleiga

Fundaraðstaða

Eldsneyti

Allt að 30% afsláttur til Flugkortsþafa

Með Flugkortinu má greiða flugfarseðla með Flugfélagi Íslands, bílaleigubíl, hótulgistingu, mat á veitingastöðum og ýmsa aðra þjónustu hjá völdum fyrirtækjum í samstarfi við Flugkortið.

Notkun kortsins hefur einnig í för með sér ýmsa sérþjónustu og friðindi ásamt því hagræði sem fylgir sundurliðuðu reikningsyfirliti sem Flugkortsþafa er sent mánaðarlega.

Umtalsverður sparnaður

Viðskipti með Flugkorti hafa í för með sér allt að 30% afslátt af viðskiptum við Flugfélag Íslands og Flugkorts höfum eru ætíð tryggð betri kjör hjá samstarfsaðilum en annars staðar, séu gæðin lögð til grundvallar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fyrirtækjaþjónusta



Upplýsingar hjá Fyrirtækjaþjónustu
Flugfélags Íslands
sími 570 3606. Fax 570 3001
Netfang: flugkort@airiceland.is

Verkalýðshreyfingin

Þrjú stór þing í október

Októbermánuður er að jafnaði mánuður þinga og ársfunda innan verkalýðshreyfingarinnar og var nýliðinn október engin undantekning frá þeirri reglu. Fyrstu helgina í október var 28. þing Alþýðusambands

Norðurlands (AN) haldið á Illugastöðum. Viku síðar var komið að ársfundi Starfsgreinasambandsins (SGS) og svo ársfundi Alþýðusambands Íslands 23. og 24. október. Fulltrúar Einingar-Íðju sóttu að sjálf-

sögðu alla þessa fundi. Hér á síðunni og næstu síðum er farið lauslega yfir ályktanir þessara þriggja funda og gluggað í ávörp forystumanna SGS og ASÍ.

Kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni

Alþýðusamband Norðurlands leggur áherslu á aukinn kaupmátt launa og hækkun lægstu launa í komandi kjarasamningum. Ályktað var um kjaramál á 28. þingi sambandsins í október.

Einingar-Íðju félagar voru sem fyrr margir á þingi AN og sóttu 39 félagsmenn þingið fyrir hönd félagsins en þingfulltrúar voru 90. Þingið var starfssamt og þótti takast vel. Að venju voru þar samþykktar ályktanir um ýmis mál, svo sem atvinnu- og byggðamál, kjaramál, álver og síðast en ekki síst fyrirhugaða skerðingu atvinnuleysisbóta.

Af slíkum tekjum getur enginn lifað

Meðal þess sem ályktað var um á þingi Alþýðusambands Norðurlands voru kjör atvinnulausra og þær köldu kveðjur sem komið höfðu frá fjármálaráðherra fáeinum dögum fyrir þingið í fjárlagafrumvarpinu.

Í álytuninni eru áform ríkisstjórnarinnar um skerðingu á atvinnuleysisbótum fordæmdar. Þar segir meðal annars: „Í stað þess að verða við kröfum verkalýðshreyfingarinnar um að hækka greiðslur til atvinnulausra, þá er ráðist að þeim með því að leggja til að ekki verði greitt vegna fyrstu þriggja daga í atvinnuleysi.“ Bent er á að þetta þýði í raun rúmlega 10% tekju-skerðingu hjá atvinnulausum, einmitt þeim hópi sem búi við lökust kjör í íslensku þjóðfélagi þar sem fullar atvinnuleysisbætur séu rúmar 77.000 krónur en muni lækka í 67.000 krónur á fyrsta mánuði samkvæmt tillögum í fjárlagafrumvarpinu. „Af slíkum tekjum getur enginn lifað“, segir enn fremur í álytuninni og er skorað á Árna Magnússon félagsmálaráðherra að standa við samþykktir flokks-

þings Framsóknarflokksins frá því í vor og stefnuskrá flokksins fyrir síðustu alþingiskosningar um málefni atvinnulausra.

Áhersla á kaupmátt og hækkun lægstu launa

Í öðrum ályktunum þingsins er meðal annars lögð áhersla á að í komandi kjarasamningum verði að leggja mesta áherslu á auk-

lífsins á svæðinu og horfur í þeim efnum. Lýsti hann áhyggjum af einhæfni í atvinnulífi og stöðu mála í sumum atvinnugreinum en þó um leið bjartsýni í tengslum við tiltekin verkefni.

Kjarasamningalotan framundan var Konráð einnig ofarlega í huga og um nauðsyn á samstöðu innan hreyfingarinnar sagði hann þetta: „Lykilatriði í árangurs-

ríkum kjarasamningum er samstaða. Við höfum ótal dæmi um hverju samstaða verkalýðshreyfingar hefur skilað umbjóðendum okkar og því miður höfum við líka dæmi þess hvað gerst hefur þegar brotalamir koma í samstöðuna. Slíkt er jafnan skammgóður vermir.“ Ástæða þess að Konráð gerði þetta að umtalsefni var sú staða sem þá var uppi og útlit var fyrir að félög innan Starfsgreinasambandsins gengju klofin til samninga, þ.e. annars vegar Flóabandalagið og hins vegar félög á landsbyggðinni. „Nú kann það vel að vera að einhverjir hafi fyrirfram gefið sér að kjarasamningsgerð verð auðveld að þessu sinni en ég vara við slíkri bjartsýni. Atvinnulífið

á höfuðborgarsvæðinu hefur fundið fyrir atvinnuleysinu á undanförunum árum og því hefði ég talið að engu minni ástæða væri til þess en áður að við mættum samstiga til leiks“, sagði Konráð og lýsti vonbrigðum sínum með þá stöðu sem virtist ætla að verða í samningamálunum.

Ný stjórn

Ný stjórn Alþýðusambands Norðurlands var kjörin á þinginu en hana skipa: Ásgerður Pálsdóttir, Samstöðu á Blönduósi; Kristbjörg Sigurðardóttir, Verkalýðsfélagi Húsavíkur og Einar Hjartarson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri.



Alþýðusamband Norðurlands vill leggja áherslu á að halda kaupmætti og að hækka lægstu laun í komandi kjarasamningum. Myndin er af Jóhannesi Emilsyni að þjónusta viðskiptavin á Gámastöðinni við Réttarhvamn.

inn kaupmátt launa, jafnframt því að ná sátt um að lægstu launataxtar hækki verulega umfram aðra. Þá er lögð á það áhersla að auðugt atvinnu-, menningar- og mannlíf, góð laun, öflug þjónusta og góðar samgöngur séu forsendur fyrir því að byggð eflist. Þingið fagnar og þeim áhuga sem erlend fyrirtæki hafa sýnt því að byggja upp álver við Skjálfanda og hvetur stjórnvöld til þess að heimila byggingu þess sem fyrst.

Þörf á meiri samstöðu

Konráð Alfreðsson, fráfaramandi formaður AN, flutti skýrslu stjórnar á fundinum og ræddi þar meðal annars um stöðu atvinnu-

Verkalýðshreyfingin

Áhersla á kaupmátt og lægstu launin

„Þarna voru samþykktar ályktanir um ýmis mál og meðal annars lýst forgangsverkefnum í næstu kjarasamningum og við eflingu velferðarkerfisins. Launafólk innan ASÍ hefur ítrekað tekið íslenska efnahagslífið á herðar sér og jafnvel forðað stjórnvöldum frá stórslysum í efnahagsmálum.“

Þannig mæltist formanni Einingar-Íðju, Birni Snæbjörnssyni, eftir ársfund Starfsgreinasambands Íslands í Reykjavík snemma í október. „Í ályktunum ársfundarins og í öllu starfinu kemur vel fram að við ætlum að halda áfram að starfa af þeirri ábyrgð og festu sem við höfum gert, með hag íslensku þjóðarinnar í huga. En það verða fleiri að leggja eitt-hvað af mörkum til þess að það megi takast.“ Björn á sæti í framkvæmdastjórn SGS. Sjálfkjörið varð í framkvæmdastjórnina á ársfundinum, þar sem helmingur stjórnar er kosinn á hverjum ársfundi til tveggja ára í senn.

Höfum starfað af ábyrgð og festu

Í ályktun um kjör öryrkja er mótmælt harðlega þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar að rýra

kjör öryrkja enn og aftur, nú með þeim hætti að lengja bið eftir styrk til bílakaupa úr fjór-um í sex ár.

Í ályktun um kjaramál kemur meðal annars fram að fundurinn telur að leggja verði mesta áherslu á aukinn kaupmátt launa í komandi kjarasamningum, jafnframt því að ná sátt um að lægstu laun hækki verulega umfram önnur laun. Vakin er athygli á því að launafólk innan ASÍ hafi ítrekað tekið að sér að bera ábyrgð á stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar og oftast en ekki bjargað stjórnvöldum frá stórslysum. Minnt er á svikið loforð um aðgerðir til leiðréttingar á kjörum félagsmanna innan ASÍ sem starfa hjá ríkinu til jafns við ríkisstarfsmenn í félögum opinberra starfsmanna. Ársfundur SGS telur jafnframt brýnt að velferðarkerfið verði eftt og lýsir forgangsverkefnum sem nauðsynleg eru á þeirri leið.

Nokkurt svigrúm á næstu árum

Í ávarpi við upphaf ársfundarins kom Halldór Björnsson formaður meðal annars inn á samningamálin og sagði þá meðal annars:

„Þó svo að tölur og tölfræði skipti auðvitað miklu máli þegar við metum árangur af kjarasamningum, hlýtur að skipta mestu máli hvað hinn almenni félagsmaður segir. Hvernig upplifir hann reynsluna af samningunum? Undanfarið hafa verið gerðar viðamiklar viðhorfskannanir meðal félaga í Starfsgreinasambandinu. Í þeim hafa komið fram mjög jákvæð viðhorf gagnvart þeim samningum sem eru að renna út.“

Halldór sagði nálgun við kjarasamningagerðina í síðustu samningum um margt skynsamlega. Leitast hafi verið við að tryggja kaupmátt án þess að stefna stöðugleika í voða. Þar hafi launaramminn ákvarðast af mati manna á svigrúminu til launahækkana. „Þá er eðlilegt að spurt sé hvert svigrúmið sé núna. Ég held að það verði nokkurt svigrúm á næstu árum, án þess að ég ætli neitt að fara að kallast á við forsvarsmenn vinnuveitenda sem hafa verið duglegir við að gefa út hefðbundnar yfirlýsingar um að það sé ekkert svigrúm.“

Oft þarf bara
einn hlut til að gera
lífið auðveldara

Þjónusta Landsbankans gerir
lífið þitt auðveldara. Til að tryggja
þér góða afkomu á efri árum
skaltu leggja fyrir lífeyrissparnað
hjá fyrirtæki sem
þú getur tróyst.

Því ef þú setur það sem þú safnar
í lífinu á þuggan stað getur þú
hætt að vinna án þess að hætta
að njóta lífsins.

Og þannig verður lífið auðveldara.

Lífeyrissparnaður

 Landsbankinn

Verkalýðshreyfingin



Erum ekki til viðtals ef...

Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í Reykjavík dagana 23. og 24. október. Ellefu fulltrúar Einingar-Íðju sóttu fundinn, sem þótti takast vel.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, segir baráttuandann á ársfundi ASÍ styrkja og styðja þann vilja sem fram hafi komið, bæði á 28. þingi Alþýðusambands Norðurlands og á ársfundi Starfsgreinasambands Íslands fyrr í mánuðinum, að verkalýðshreyfingin hafi starfað og vilji starfa af ábyrgð og festu til þess að tryggja sínu fólki réttlát kjör. Áherslan í næstu kjarasamningum verði á kaupmáttaraukningu og hækkun lægstu launa en um leið ábyrgð og festu í stjórn efnahagsmála til þess að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Jafnframt þurfi að vinna ötullega að eflingu velferðarkerfisins. „Þessi viðhorf koma fram í öllu okkar starfi og ég held að það ríki mikill einhugur um þessi markmið. Ég get hins vegar endurtekið það sem ég hef áður sagt að aðrir verða að starfa af sömu festu og sömu ábyrgð og við.“

Verðum sjálf að standa vaktina

Í setningarávarpi sínu á ársfundinum lagði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, meðal annars út frá yfirskrift fundarins og sagði: „Það er engin tilviljun að yfirskrift fundar-

ins er Atvinna fyrir alla og undirtitillinn er Góð störf – traust réttindi. Reynsla okkar af samskiptunum við aðalverktakann við Kárahjúka færir okkur heim sanninn um mikilvægi þess að standa vaktina og tryggja réttindi og aðbúnað. Það gerir það enginn annar fyrir okkur.“

Með hreinum ólíkindum

Auk hefðbundinna viðfangsefna sem fylgja ársfundi voru efnahags- og kjaramál annars vegar og atvinnu- og byggðamál hins vegar áberandi á fundinum. Grétar gagnrýndi áform ríkisstjórnarinnar um skerðingu atvinnuleysisbóta og sagði skerðinguna meðal annars lenda á sveitarfélögunum í landinu.

„Að mínu viti er það með hreinum ólíkindum að menn skuli láta sér detta þetta í hug,“ sagði Grétar. „Hér er ríkisstjórnin einnig að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, því það segir sig sjálft að þetta þýðir aukin útgjöld hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. Ég nefni þetta einungis til að menn átti sig á því hvað þetta þýðir fyrir þann sem missir vinnuna. Þetta þýðir einfaldlega, að til viðbótar við þau þungu skref sem hann þarf að stíga til að sækja um atvinnuleysisbætur, þarf hann að sækja um fjárhagsaðstoð hjá viðkomandi sveitarfélagi. Mér finnst ekki á bætandi. Það er

fagnaðarefni að menn vilji setjast yfir fyrirkomulag atvinnuleysisbótakerfisins og þá með það að markmiði að bæta hag hins atvinnulausa. Við viljum gjarnan taka þátt í því. Við erum aftur á móti ekki til viðtals ef menn byrja á svona aðgerðum áður en endurskoðunin hefst. Við gerum því þá kröfu að horfið verði frá þessum áformum.“

Sameiginlegar kröfur í velferðarmálum

Ársfundurinn samþykkti ályktanir um ýmis mál eins og venja er til. Kjarasamningar og mál tengd þeim ásamt málefnum starfsmanna við Kárahjúka eru þar áberandi.

Í ályktun um sameiginlegar kröfur í velferðarmálum segir meðal annars að ASÍ hafi á undanförunum árum lagt mikla vinnu í endurskoðun íslenska velferðarkerfisins og eru talin upp forgangsatriði til eflingar kerfisins. Þau eru meðal annarra að dregið verði úr hlut almennings í lyfjakostnaði, biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði verði eytt og niðurgreiðsla aukin, endurskoðun atvinnuleysisbótakerfisins, staða barnafólks verði bætt með eflingu barnabótakerfisins og með því að bæta veikindarétt, hækkun sjúkradagpeninga og að bæta lífeyrisréttindi. **Framh. á bls. 12**



Góður háskóli eflir íslenskt atvinnulíf

Með miða í Hapdrætti Háskólans eflir þú Háskóla Íslands

Framhald af bls. 10.

Þá var á fundinum samþykkt ítarleg ályktun um atvinnu- og byggðamál þar sem lýst er þeirri sýn ASÍ að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft; að það tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu og góð störf; og að það tryggi afkomuöryggi og félagslegan jöfnuð. Tiltekin eru helstu verkefni í þessum efnum en lykilatriðin eru mótun og samþætting efnahags-, atvinnu- og félagsstefnu fyrir alla þjóðfélagshópa, öflug starfsmenntun og víðtækt samstarf og sátt um stefnuna milli launafólks, atvinnu-rekenda og ríkisvaldsins.

Hvatt til samstarfs

Í ályktun um samstarf og samskipti félaga og landssambanda hvetur ársfundurinn til samstarfs í komandi kjarasamningum um fjölmarga þætti er tengjast gerð kjarasamninga, svo sem um sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, tryggingaákvæði samninga og sameiginleg mál gagnvart atvinnurekendum. Brynt sé að á vettvangi landsambanda og félaga fari fram umræða um það hvernig best verði staðið að slíku samstarfi. Miðstjórn ASÍ var falið að kalla eftir viðhorfum félaga og landssambanda til þessara sameiginlegra mála, vinna úr þeim, samræma og samhæfa.

Áhersla á kaupmáttaraukningu

Lögð er á það áhersla í ályktun um kjarasamninga og efnahagsmál að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkanir sem tryggi launafólki kaupmáttaraukningu án þess að stöðugleika verði stefnt í voða. Í ályktuninni segir meðal annars: „Ársfundur ASÍ leggur áherslu á að launafólk fái réttláta hlutdeild í aukningu þjóðarverðmæta. Það er síðan einstakra félaga og landssambanda að útfæra hvernig svigrúmið skiptist milli einstaklinga og hópa. Ársfundurinn leggur þó áherslu á að það er sameiginlegt verkefni okkar að huga sérstaklega að lægstu laununum og launajafnrétti. Framundan eru nokkuð bjartir tímar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Margt er þó enn óvissu háð og því skiptir miklu hvernig haldið verður á efnahagsstjórninni. Aukinn verðbólguþrýstingur, háir vextir og of mikil styrking krónunnar eru atriði sem eru andstæð hagsmunum launafólks. Ársfundur ASÍ hvetur til skynsamlegrar efnahagsstjórnar þar sem opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög axli sína ábyrgð á efnahagsstjórninni og gæti hófs í vexti rekstrarútgjalda sinna. Þannig verður dregið úr hættunni á of mikilli þenslu í hagkerfinu og þörf Seðlabankans til að hækka vexti.“

Orlofsferðir**Þrjár forvitnilegar ferðir**

Sem fyrr skipuleggur félagið þrjár orlofsferðir næsta sumar, nokkurra daga síðsumarsferð um óbyggðir Austurlands, dagsferð út í Flatey á Skjálfanda með eldri félagsmenn og svo tæplega tveggja vikna ferð um Skandinavíu.

Óbyggðir Austurlands

Fjögurra daga síðsumarsferð verður farin 10. til 13. ágúst 2004 til óbyggða Austurlands, ef næg þátttaka fæst. Hámarksfjöldi í ferðina er 40 manns.

Farið verður á fyrsta degi til Egilsstaða og gist þar allar næturnar. Á öðrum degi verður ekið sem leið liggur til Borgarfjarðar eystri um Húsavíkureiði, Húsavík og Nesháls til Loðmundarfjarðar. Á þriðja degi verður ekið inn Hérað og áfram inn Fljótsdalsheiði um nýlagðan veg til Kárahnjúka gegnum virkjunarsvæðið og svo yfir Sauða inn með Sauðafelli að brún Vatnajökuls, að svokölluðum Hraukum. Síðasta daginn verður haldið heimleiðis um Hellisheiði og þræddar ýmsar spógötur, eftir því sem tíminn leyfir. Bílstjóri, eins og venjulega, verður Sveinn Sigurbjarnarson.

Ferðin kostar 15.000 krónur á mann. Innifalið í því er allur akstur, gisting á Egilsstöðum og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld, líklega í nágrenni Egilsstaða. Lagt verður til grillkjöt og kartöflusalat það kvöld. Að öðru leyti verður fólk að sjá sér fyrir mat og drykk sjálf.

Óafturkræft staðfestingargjald er 3.000 krónur.

Ferð fyrir aldraða félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Íðjufélaga verður farin laugardaginn 14. ágúst. Farið verður út í Flatey á Skjálfanda. Farið verður með rútu til Dalvíkur, þar sem stigið verður um borð í Sæfara og siglt til Flateyjara. Á heimleið verður komið við í Hrísey og drukkið kaffi. Ferðin kostar 2.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins, Skipagötu 14 Akureyri, sími 460-3600 frá 5. janúar 2004.

Skandinavíuferð**31. maí -10. júní 2004**

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á ferð um Danmörku, Svíþjóð, Finnland og Álandseyjar 31. maí til 10. júní 2004, ef

næg þátttaka næst. Lágmarksfjöldi er 30 manns en hámarksfjöldi 50. Farið verður með Icelandair frá Keflavík til Kaupmannahafnar.

Dagskrá ferðarinnar er í grófum dráttum sem hér segir:

31. maí: Flogið út kl.13:15, lent í Kaupmannahöfn um kl. 18:15. Gist í nágrenni Kaupmannahafnar.
1. júní: Ekið til Norrköping í Svíþjóð og gist þar.
2. júní: Haldið til Stokkhólms, bjarferð áður en farið er um borð í ferju til Helsinki (nætursigling).
3. júní: Komið um kl. 10:00 að morgni til Helsinki, farið á hótél og borgin skoðuð.
4. júní: Borgin og næsta nágrenni skoðuð.
5. júní: Frjáls dagur í Helsinki
6. júní: Farið til Turku og þaðan tekin ferja kl. 21:00 til Maríuhafnar á Álandseyjum. Komið þangað um kl. 1:00 eftir miðnætti og gist.
7. júní: Maríuhöfn og nágrenni skoðað.
8. júní: Tekin ferja til Stokkhólms og þaðan ekið til Linköping og gist.
9. júní: Farið frá Linköping til Kaupmannahafnar og gist síðustu nóttina.
10. júní: Flogið til Keflavíkur með Icelandair, lent um kl. 15:10.

Gist verður í tveggja manna herbergjum nema í ferjunum, þar er gist í fjögurra manna klefum.

Verð á mann er kr. 99.500.- (Miðað við gengi í nóvember 2003).

Innifalið í verðinu er: Flug og skattar, akstur erlendis, ferjusiglingar, gisting og morgunverður alls staðar, nema í ferjunum.

Ekki innifalið: Ferðir Akureyri-Keflavík-Akureyri. Aðgangseyrir að stöðum sem skoðaðir verða. Fæði, annað en morgunverður.

Boðið verður upp á ferð Akureyri-Keflavík-Akureyri, landleiðina, fyrir þá sem vilja fyrir um það bil 5.000 krónur á mann.

Óendurkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.- Leiðsögumaður verður með í för. Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson. Skráning í ferðina hefst 5. janúar 2004 á skrifstofu félagsins á Akureyri í síma 460-3600. Hægt er að greiða fyrir ferðina með greiðslukorti.

Dreginir verða 10 orlofspunktar af þeim sem fara í ferðina.



Hver viðskiptavinur okkar er einstakur

BÚNAÐARBANKINN - FYRIR ÞIG

 **BÚNAÐARBANKINN**
-Traustur banki



Tækniháskóli Íslands

Háskóli atvinnulífsins

FRUMGREINAEILD

Hefur þig dreymt um háskólanám en vantað nauðsynlegan undirbúning?

Frumgreinadeild er kjörin leið til undirbúnings frekara námi við háskóladeildir Tækniháskólans.

Námið tekur eina til fjórar annir eftir því hvernig undirbúningi nýnema er háttað og á hvaða sérnám er stefnt.

Nemendum með stúdentspróf gefst kostur á að bæta við sig einingum í stærðfræði og raungreinum sé þess þörf.

Nám við frumgreinadeild er lánshæft hjá LÍN

Tækniháskóli Íslands er fagháskóli á sviði tækni-, rekstrar- og heilbrigðisgreina.

Hófabakki 9 • IS-110 Reykjavík
Sími 577 1400 • Fax 577 1401
www.thi.is

TÆKNIHÁSKÓLI ÍSLANDS
Technical University of Iceland





VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
- þar sem tryggingar snúast um fólk

www.vis.is





VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
- þar sem tryggingar snúast um fólk

www.vis.is

Innilegar jóla- og nýárskveðjur



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár*





Matbær ehf.
Hafnarstræti 91-95 • Box 60 • 602 Akureyri • Sími 460 3000



NÓÍ SÍRÍUS
www.noi.is



ASI
www.asi.is



Mjöll



Samiðn
www.samidn.is

Desemberuppbót

Félagsmenn eru minntir á rétt til þess að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Uppbótina skal greiða í einu lagi en ekki reiknast ofan á hana orlof.

Mismunandi er eftir samningum hver upphæð desemberuppbótar er og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Varðandi nánari útfærslu eða undantekningar er félagsmönnum bent á viðkomandi kjarasamninga, sem meðal annars eru aðgengilegir á vef félagsins á www.eining-idja.is, eða að leita upplýsinga með því að hafa samband við skrifstofu félagsins.

Samningar við ríkisvaldið

Desemberuppbót samkvæmt samningum Einingar-Íðju við ríkið miðast við að starfsmaður í fullu starfi, sem var við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar, skuli fá greidda fulla desemberuppbót að upphæð 37.000 krónur. Með fullu starfi er miðað við tímabilið 1. janúar til 31. október. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á tilgreindu tímabili. Fyrir hvern mánuð í fullu starfi greiðist 1/10 hluti af fullri uppbót. Starfsmaður sem látist hefur af starfi en starfað hefur samfellt í að minnsta kosti þrjá mánuði eða þrettán vikur á árinu skal fá greidda desember-

uppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Samningur við launaneftnd sveitarfélaga

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launaneftnd sveitarfélaga er 53.079 krónur miðað við desember 2003. Starfsmaður í fullu starfi skal fá uppbótina greidda en með fullu starfi er átt við 100% starf á tímabilinu frá 1. janúar til og með 30. nóvember. Hafi launþegi gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt að minnsta kosti frá 1. september. Starfsmaður sem lætur af starfi á árinu en hafði þá starfað samfellt að minnsta kosti í sex mánuði skal einnig fá greidda uppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall uppbótar er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu í 12 mánuði á almanaksárinu.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði

Samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði skal starfsmaður, sem verið hefur í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og er við störf í fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember, fá greidda desemberuppbót að upphæð 37.000 krónur eigi síðar en 15. desember. Starfsmaður í hlutastarfi, sem uppfyllir

sömu skilyrði, skal fá greitt hlutfallslega og er miðað við almanaksárið sem uppgjörstímabil. Fullt starf í þessu sambandi telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn. Þá á starfsmaður, sem lætur af starfi á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf hjá sama vinnuveitanda á árinu, rétt á að fá – við starfslok – greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu.

Námsstyrkir

Félagið vill minna á rétt félagsmanna til þess að sækja um og fá styrki frá fræðslusjóðnum Lands-Mennt í gegnum Einingu-Íðju. Hafi félagsmaður verið í fullu starfi í að minnsta kosti tólf mánuði á hann rétt á 35.000 króna styrk á hverju ári til þess að standa straum af kostnaði við starfstengt nám en þó ekki meira en 75% af námskostnaði. Einnig er veittur styrkur vegna náms og prófs til aukinna ökuréttinda (meiraprófs) að upphæð 42.500 krónur. Félagsgjöld að upphæð 10.400 krónur jafngilda fullu starfi í þessu sambandi.

Að loknu námi eða námskeiði þarf sá eða sú sem sækist eftir styrk að framvísa reikningi vegna námskostnaðar á skrifstofu Einingar-Íðju og fær þá endurgreitt miðað við uppfyllt tiltekin skilyrði samkvæmt reglum sjóðsins. Nánari upplýsingar um námsstyrki og reglur eru veittar á skrifstofu félagsins, í síma 461 3600, á heimasíðunni www.eining-idja.is og í tölvupósti á netfanginu brynja@eining-idja.rl.is.


Leiðrétting

Þau mistök urðu í félagsblaðinu í júní að Daníel Guðjónsson var titlaður aðstoðaryfirlögregluþjónn í grein um málefni dyravarða. Hið rétta er að Daníel er yfirlögregluþjónn og er hann hér með beðinn afsökunar á þessum mistökum.


Afsláttur í líkamsrækt og sund

Eins og undanfarin ár geta þeir félagsmenn í Einingu-Íðju sem áhuga hafa á að rækta heilsuna fengið afslátt af líkamsræktar- og sundlaugarkortum. Eftirtalin fyrirtæki eru í samstarfi við félagið og veita afslátt:

	Fullt verð	Verð til félagsmanna
Líkamsræktarstöðin Bjargi		
Árskort	41.500 krónur	34.000 krónur
Hálft ár	28.000 krónur	21.000 krónur
Átak heilsurækt		
Árskort	36.900 krónur	27.600 krónur
Hálft ár	24.900 krónur	19.800 krónur
Sundlaugin á Þelamörk		
Tíu tíma kort	2.000 krónur	1.500 krónur



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF
www.olis.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS
pwc.com/is



Landssamband
íslenskra
verzlunarmanna
www.liv.is

Olíufélagið hf
www.esso.is



RAFTAKN

Glerárgötu 34 • IS-600 Akureyri
Sími: 464 6400 • Fax 464 6411
raftakn@raftakn.is • www.raftakn.is



Starfsgreinasamband Íslands
sgs.is

Landflutningar
SAMSKIP
samskip.is



Wibben 22, 107 Akureyri, sími: 462 8822, fax: 462 8822.
Eftirmálar: www.sement.is



TOYOTA
Akureyri
www.toyota.is

saeplast
www.saeplast.com



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS
www.vsf.is



P. Alfreðsson ehf.
Draupnigötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

FROST
www.frost.is



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
www.tmhf.is



Daltré ehf.

Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199



Landsvirkjun
www.lv.is

DALVÍKURBYGGÐ



Ráðhúsinu, 620 Dalvík
dalvik@dalvik.is



HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545



GREIFINN
VEITINGAÐHÚS



HÓTEL
KEA-HARPA

ÍSTAK
www.istak.is



brimborg
akureyri
www.brimborg.is

SBA-NORÐURLEIÐ

sba@sba.is • www.sba.is



RAFÍÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS
www.rafi.is/rsi



ISLAND
www.iss.is



Plastprent hf.
www.plastprent.is

mjöll frigg
Sími 512 3000

Vetrarleiga orlofshúsanna

Hingað til hafa orlofshús félagsins á Illugastöðum verið leigð út á veturna fyrir milligöngu orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum en frá því í haust hefur félagsmönnum gefist kostur á að taka þau á leigu beint hjá félaginu.

Þetta er gert til þess að tryggja að hagsmunir félagsmanna séu í fyrirrúmi og til að auðvelda þeim að leigja sér orlofshús á Illugastöðum á haustin, veturna eða vorin. Svonefnd vetrarleiga nær yfir tímabilið frá 15. september til 1. júní.

Líklega er óþarft að útlista dásemdir Fnjóskadalsins fyrir þeim sem þekkja til á Illugastöðum og hafa dvalið þar í orlofs-

húsi. Ef til vill hafa þó færri dvalið í Fnjóskadalnum á haustin eða veturna heldur en á sumrin en fullyrða má að náttúrufergurð og möguleikar til fjölbreytilegrar útivistar eru síst minni á þeim árstíma en yfir hásumarið. Til dæmis er Fnjóskadalurinn kjörinn fyrir skíðagönguferðir, svo eitthvað sé nefnt.

Auk vetrarleigu á orlofshúsum félagsins á Illugastöðum vill félagið vekja athygli félagsmanna á orlofsíbúðunum í Reykjavík og orlofshúsum í Tjarnargerði og Svignaskarði, sem einnig eru til leigu allan ársins hring.



Orlofshús eru ekki síðri til dvalar á veturna en á sumrin og oft gott að skella sér í heita pottinn. Myndin er frá orlofshúsi félagsins í Svignaskarði í Borgarfirði.

Stöðugildum fjölgað í frystihúsi Samherja

Í byrjun september samdi Eining-Íðja við Samherja hf., fyrir hönd starfsfólks í frystihúsi Samherja á Dalvík, um breytt vinnufyrirkomulag í frystihúsinu.

Meginatriði samningsins eru lenging vinnslutíma í frystihúsinu og nýtt neyslutímakerfi en með þessum breytingum fjölga stöðugildum í frystihúsinu um 20-30.

Samkvæmt samningnum hefur vinnslutími í frystihúsinu verið lengdur úr 12 í 15 klukkustundir á sólarhring en jafnframt hefur verið gerð breyting á neyslutímakerfi starfsfólks þannig að vinnsla stöðvast ekki í matar- og kaffitímum heldur kemur þar maður í manns stað og vinnslan heldur áfram þótt hluti starfsfólks taki sér matar- eða kaffitíma. Þetta kerfi er hliðstætt því sem hefur verið notað í rækjuverksmiðju Samherja á Akureyri í nokkur ár þar sem það hefur reynst mjög vel. Reiknað er með að með þessum breytingum muni afköst aukast og laun starfsfólks hækka.

Jákvæð þróun

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, kveðst ánægður með samninginn við Samherja og væntir ávinnings fyrir félagsmenn. „Þarna erum við að taka upp kerfi í frystihúsi sem notað hefur verið í rækjuvinnslunni og gefist vel. Ég trúi því að þessi samningur komi mínu fólki til góða og eigi eftir að reynast vel. Þarna er farið í ákveðna sókn fyrir landvinnsluna sem því miður hefur átt undir högg að sækja.“ Björn segir reynsluna af sambærilegum samningi vegna starfsfólks í Strýtu á Akureyri sýna að afköst aukist og launin hækki, auk þess sem þessi breyting tryggi fjölgun starfa um 20-30 og það sé mikill ávinningur í ekki stærra byggðarlagi en Dalvík er.

Starfsmenn frystihúss Samherja á Dalvík verða eftir þessa breytingu um 130 en veruleg aukning hefur orðið í landvinnslu Samherja á Dalvík á undanförunum árum. Unnið var úr um 4.500 tonnum á árinu 2001 en samkvæmt frétt á vef Samherja frá því í haust er stefnt að því að vinna úr um 10 þúsund tonnum af hráefni á næsta ári.

Launahækkun um áramót

Athygli er vakin á því að laun félagsmanna, sem fá greitt samkvæmt samningi Starfsgreinasambandsins fyrir hönd Einingar-Íðju og fleiri verkalýðsfélaga við Launaneftnd sveitarfélaga, eiga að hækka um 3,0% nú um áramótin. Samningur SGS og launaneftndar sveitarfélaga gildir til og með 30. apríl 2005.

Fréttavakt á vef félagsins

Í vor og aftur nú í haust var lögð í það nokkur vinna að yfirfara og uppfæra upplýsingar á vef félagsins, www.eining-idja.is en jafnframt þeim endurbótum er nú sérstök áhersla lögð á að gera hann að lifandi frétt- og upplýsingaveitu. Er það gert í senn fyrir félagsmenn sem og fjölmiðlana í landinu eða aðra sem áhuga hafa á því að kynna sér starfsemi félagsins og vita hvað efst er á baugi hverju sinni. Eining-Íðja hefur átt ágætt samstarf við Fremri kynningarþjónustu á Akureyri um nokkurra ára skeið, meðal annars við útgáfu félagsblaðsins, og hefur verið samið við fyrirtækið um að sjá um regluleg fréttaskrif fyrir vefinn einnig. Sem fyrr er á vefnum einnig að finna ítarlegar upplýsingar um réttindi og skyldur félagsmanna, kjarasamninga, lög og reglugerðir, svo fátt eitt sé nefnt.

Óbreytt þjónusta

Eining-Íðja vill vekja athygli á því að þjónusta á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Ólafsfirði er óbreytt þrátt fyrir þá ákvörðun Lífeyrissjóðs Norðurlands að leggja niður svæðisskrifstofur sínar eða greiðslur til verkalýðsfélaga víða á Norðurlandi vegna lífeyrissjóðstengdrar þjónustu og verkefna. Félagsmenn Einingar-Íðju munu hér eftir sem hingað til njóta þessarar þjónustu á vegum félagsins sem og annarrar. Eining-Íðja hefur hingað til veitt umrædda þjónustu án þess að fá fyrir það greiðslur frá Lífeyrissjóði Norðurlands.

ทราบนสิทธิของท่านหรือไม่ (þekkir þú réttindi þín?)

สหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) จะทำการดำเนินการโครงการต่อไป เกี่ยวกับการออกหนังสือพิมพ์ข่าวสารสำหรับสมาชิก ที่ได้เคยออกไปแล้วเมื่อเดือนมิถุนายนที่ผ่านมา และหนังสือพิมพ์ข่าวสารนี้ได้จัดทำมาให้ข่าวสารเป็นภาษาไทยสำหรับสมาชิกที่ไม่สะดวกในการอ่านภาษาไอซ์แลนด์ หรือภาษาอังกฤษ และอันเนื่องมาจากความผิดพลาด ของข้อความภาษาไทย ในหนังสือพิมพ์ข่าวสารฉบับที่แล้ว ทางสหภาพฯจึงขอภัยท่านสมาชิกมา ณ ที่นี้

เงินสวัสดิการเพื่อการศึกษา (Námsstyrkir)

ทางสหภาพฯต้องการให้สมาชิกทุกท่าน ทราบลึงสิทธิอันพึงได้รับ เกี่ยวกับการขอเงินสนับสนุนเพื่อการศึกษาหรือการอบรมต่างๆ จากกองทุนสนับสนุนเพื่อการศึกษาของ แลนด์ส์เมนท์ (fræðslusjóður LandsMennt) โดยผ่านทางสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) ซึ่งทางกองทุนฯนี้ จะช่วยออกค่าใช้จ่ายในการอบรมหรือการศึกษาในวงเงิน 35.000 โครนอร์ หรือไม่เกิน 75% ของค่าอบรม กรุณาติดต่อสอบถามข้อมูลได้ที่สำนักงานของสหภาพฯ

ส่วนลดสำหรับการออกกำลังกาย และว่ายน้ำ (Afsláttur í líkamsrækt og sund)

สมาชิกของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja)ทุกท่าน มีสิทธิที่จะได้รับส่วนลด ในบัตรออกกำลังกาย ตลอดปีหรือครึ่งปี ที่สถานออกกำลังกาย บยาร์ก และสถานออกกำลังกาย เอาทาก (Líkamsræktarstöðin Bjarg og Átak heilsurækt) รวมทั้งส่วนลดของบัตรว่ายน้ำจำนวนสิบครั้งด้วยกัน ที่สระว่ายน้ำ Belamörk

การขึ้นเงินเดือนสิ้นปี (Launahækkun um áramót)

ขอแจ้งสิ่งที่ควรทราบ เกี่ยวกับเงินเดือนของสมาชิก ซึ่งสมาชิกได้รับเงินเดือนตามเงื่อนไข ในสัญญาว่าด้วยการจ่ายเงินเดือน ของสมาคมแรงงาน (Starfsgreinasambandið (SGS)) ซึ่งเป็นตัวแทนของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) และสหภาพแรงงานอื่นๆ (verkalýðsfélag) ได้ทำสัญญาดตกลงกับ คณะกรรมการดูแลด้านเงินเดือน ของฝ่ายเทศบาล และสรุปได้ว่า สมาชิกจะได้รับการขึ้นเงินเดือนในสิ้นปีจำนวน 3.0 % ซึ่งการทำสัญญาระหว่าง SGS กับ คณะกรรมการดูแลด้านเงินเดือนของฝ่ายเทศบาลนี้ จะมีผลจนถึงวันที่ 30 เมษายน 2005

เงินโบนัสเดือนธันวาคม (Desemberuppbót)

สมาชิกทุกท่าน มีสิทธิที่จะได้รับเงินโบนัสในเดือนธันวาคม ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน (kjara-samningar) เงินโบนัสนี้จะจ่ายให้หนึ่งครั้ง จะได้รับเงินจำนวนมากน้อยนั้น ขึ้นอยู่กับในสัญญาการว่าจ้างว่าได้กำหนดจำนวนของเงินโบนัสประจำเดือนธันวาคมไว้ เป็นจำนวนเท่าไร ตลอดจนขึ้นอยู่กับระยะเวลา หรือเวลาของการทำงานของสมาชิกนั้นๆด้วยเช่นกัน หากต้องการทราบข้อมูลเพิ่มเติม หรือกรณีพิเศษอื่นๆ สมาชิกสามารถติดต่อสอบถามข้อมูลได้ที่สำนักงานของสหภาพฯ เงินโบนัสเดือนธันวาคมสำหรับข้าราชการ ในสัญญาการว่าจ้างของตลาดแรงงานทั่วๆไปนั้น สมาชิกจะได้รับ 37.000 โครนอร์ และสำหรับสมาชิก ที่เป็นลูกจ้างของหน่วยเทศบาล จะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคม เป็นจำนวนเงิน 53.079 โครนอร์ การจ่ายเงินโบนัสนี้ จะขึ้นอยู่กับสัดส่วน ของการทำงานของสมาชิกในปีนั้นๆ

สิทธิต่างๆเกี่ยวกับเงินสวัสดิการเพื่อการเจ็บป่วย (Ýmis réttindi í sjúkrasjóði)

ทางสหภาพฯนั้น ยังมีสวัสดิการที่เรียกว่า เงินสวัสดิการเพื่อการเจ็บป่วย (Sjúkrasjóður) ซึ่งสมาชิกมีสิทธิที่จะได้รับสวัสดิการนี้ ก็เมื่อเกิดเจ็บป่วยขึ้น เงินสวัสดิการนี้ได้แก่ เงินสวัสดิการเพื่อการเจ็บป่วยรายวัน (dagpeningar) แต่อย่างไรก็ตาม การที่จะได้รับเงินสวัสดิการดังกล่าวนี้ได้ นั้น จะมีกฎเกณฑ์ต่างๆมากมาย ยากที่จะอธิบายมาในที่นี้ นอกจากนั้น สมาชิกจะได้รับเงินคืน จากค่าใช้จ่ายในการตรวจมะเร็งของสตรี และจะได้เงินคืนเป็นบางส่วน อันเนื่องมาจาก ค่าใช้จ่ายในการรักษาพยาบาลด้วยการนวด (sjúkranudd), กายภาพบำบัด (sjúkráþjálfun) และอื่นๆ

คณะผู้จัดทำหนังสือพิมพ์ข่าวสารสหภาพ เอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) หวังว่าข้อมูลภาษาไทยนี้ จะเป็นประโยชน์สำหรับสมาชิก และได้รับทราบสิทธิต่างๆที่ควรได้รับเพิ่มขึ้น เจ้าหน้าที่ของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) มีความยินดีอย่างยิ่ง ที่จะคอยแจ้งข้อมูล และอธิบายกฎเกณฑ์ต่างๆ เกี่ยวกับสิทธิอันพึงได้รับต่างๆเพื่อสมาชิกทุกท่าน

Eining-íðja:

Uppbygging og skipulag félagsins

Reglulega kemur það fram í starfi félagsins og samskiptum við félagsmenn að uppbygging Einingar-Íðju og skipting félagsins í deildir og svæðisráð virðist vefjast fyrir fólki og eru sumir félagsmenn þá jafnvel ekki með það á hreinu hvaða deild innan félagsins þeir tilheyrja.

Með það að leiðarljósi að félagsmenn þekki sem best innviði félagsins og eigi þar með auðveldara með að taka þátt í starfinu á réttum vettvangi og eftir hentugustu leiðum verður uppbygging félagsins kynnt hér í þessu blaði en síðan er ætlunin að kynna deildirnar hverja af annarri í næstu blöðum. Vakin er athygli á því að upplýsingarnar sem hér eru settar fram er jafnframt að finna á vef félagsins, www.eining-idja.is, undir liðnum „Félagið“ (uppbygging félagsins, lög félagsins, deildir og fleira). Þar má einnig finna lista yfir stjórnir deilda og svæðisstjórnir, ásamt lista með nöfnum fulltrúa í öllum nefndum félagsins.

Svæðisstjórnir mikilvægur tengiliður á hverjum stað

Svæðisstjórnir eru myndaðar á fjórum stöðum á félagssvæðinu; Í Ólafsfirði, Dalvíkurbyggð, Hrísey og Grýtubakkahreppi. Svæðisstjórnirnar fjórar gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliður á hverjum stað milli hins almenna félagsmanns og félagsins. Félagsmenn á þessum svæðum kjósa sér sína þriggja manna svæðisstjórn; formann, varaformann og ritara, og tvo til vara.

Hlutverk svæðisstjórnar er að hafa með höndum sérmál hvers svæðis. Aðalfundur svæðisstjórna eru haldnir ár hvert fyrir 1. febrúar en að auki geta svæðisstjórnir boðað til funda með félagsmönnum á svæðinu þegar ástæða er til og geta gert tillögur til félagsstjórnar um hvert það málefni sem þær óska. Svæðisstjórnir hafa jafnframt eftirlit með því að trúnaðarmenn séu kosnir eða skipaðir á vinnustöðum svæðisins. Almennir fundir á vegum svæðisstjórnar skulu haldnir þegar stjórnin álitur þess þörf eða minnst 10 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Formenn svæðisstjórna eiga sjálfkrafa sæti í



Starfsfólk í vinnslusal ÚA á Akureyri.

Mynd: Myndrún

aðalstjórn félagsins. Núverandi formenn svæðisstjórna eru:

Ólafsfirði	Sæbjörg Ágústsdóttir
Dalvíkurbyggð	Guðrún Skarphéðinsdóttir
Hrísey	Elísabet Jóhannsdóttir
Grýtubakkahr.	Marzibil E. Kristjánsdóttir

Deildirnar eru vettvangur sérmála

Hugmyndin með skiptingu félagsins í deildir eftir starfsgreinum er að nýta kosti bæði stórra og smærri félaga. Kostir þess að vera í stóru félagi eru til dæmis öflugur sjúkra-sjóður, fjölbreyttari möguleikar í orlofsmálum og meiri slagkraftur í kjarabaráttu. Hins vegar getur verið erfiðara að virkja hinn almenna félagsmann í stóru félagi. Þetta vandamál eiga deildirnar að leysa því þær eru vettvangur þar sem fólk getur rætt sérmál sín. Með þessu eru fleiri virkjaðir til starfa fyrir félagið, félagsandinn innan hvernar starfsgreinar eflist og málefni félagsins standa nær hverjum og einum.

Félaginu er skipt upp í fimm starfsgreina-deildir; iðnaðardeild, matvæladeild, opinbera deild, tækja-, flutninga- og byggingadeild og þjónustudeild. Fyrir hverri deild er fimm manna stjórn og þrír í varastjórn. Eins og í svæðisráðunum heldur hver deild fyrir sig aðalfund fyrir 1. apríl ár hvert þar sem meðal annars er kosið í stjórnir deildanna. Jafnframt geta stjórnir deilda boðað til almenns fundar þegar ástæða þykir til eða minnst 10 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Hlutverk deildanna er að vinna að sérmálum þeirra starfsgreina sem þær taka til og vinna að undirbúningi og gerð sérsamninga þeirra í nánú samstarfi við stjórn og samninganefnd félagsins. Einnig er eitt af verkefnum hvernar deildar fyrir sig að fylgj-

ast með aðbúnaði og vinnuumhverfi starfsfólks í viðkomandi greinum og að trúnaðarmenn séu kosnir eða skipaðir á vinnustöðum. Deildirnar vinna að eflingu menntunar og starfsþjálfunar iðn- og verkafólks og annast önnur þau mál, sem snerta viðkomandi starfsgreinar sérstaklega. Deildirnar kjósa sína fulltrúa til að sitja á fundum samsvarandi sviða innan Starfsgreinasambands Ís-

lands. Formenn stjórna deildanna eiga sjálfkrafa sæti í aðalstjórn félagsins. Núverandi formenn deildanna eru:

Iðnaðardeild	Eypór Karlsson
Matvæladeild	Anna Júlíusdóttir
Opinbera deild	Sigríður K. Bjarkadóttir
Tækja-, flutninga- og byggingadeild	Þorsteinn J. Haraldsson
Þjónustudeild	Valdimar Gunnarsson

Stjórn, trúnaðarráð og fjöldi nefnda

Eins og fram kemur hér að ofan eiga formenn starfsgreinaeilda og svæðisstjórna, samtals níu manns, sjálfkrafa sæti í aðalstjórn félagsins. Auk þeirra eru þrír stjórnarmenn, formaður, varaformaður og ritari, kosnir á aðalfundi. Þeim embættum gegna nú Björn Snæbjörnsson, Matthildur Sigurjónsdóttir og Halldóra H. Höskuldsdóttir. Í aðalstjórn félagsins eru því tólf manns.

Auk stjórna félagsins, stjórna deilda og svæðisráða, starfar svokallað trúnaðarráð og hefur það hlutverk meðal annars að vera stjórn til ráðuneytis og aðstoðar við stefnumótun í mikilvægum málum. Trúnaðarráðið kys einnig samninganefnd félagsins samkvæmt ákveðnum reglum, fjallar um inntökubeiðnir nýrra félaga, kys uppstillingarnefnd, ákveður stofnun starfsgreinaeilda og fleira. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs en alls eiga 86 manns sæti í trúnaðarráðinu.

Ekki má rugla trúnaðarráðinu saman við félagslega trúnaðarmenn en þá tilnefni stjórn félagsins á hverjum vinnustað sem sína tengiliði við félagsmenn á vinnustaðnum og við vinnuveitendur. Starfsmönnum er síðan heimilt að kjósa einn trúnaðarmann til viðbótar þar sem starfsmenn eru á



Björn Snæbjörnsson,
formaður



Matthildur Sigurjónsdóttir,
varaformaður



Halldóra H. Höskuldsdóttir,
ritari



Sæbjörg Ágústsdóttir,
formaður svæðisráðs
Ólafsfjarðar



Guðrún Skarphéðinsdóttir,
formaður svæðisráðs
Dalvíkurbyggðar



Elísabet Jóhannsdóttir,
formaður svæðisráðs
Hriseyjar



Marzibil E. Kristjánsson,
formaður svæðisráðs
Grýtubakka-
hrepps



Eyþór Karlsson,
formaður iðnaðardeildar.



Anna Júlíusdóttir,
formaður matvæladeildar.



Sigríður K. Bjarkadóttir,
formaður opinberu
deildar.



Þorsteinn J. Haraldsson,
formaður tækja-,
flutninga- og bygg-
ingadeildar.



Valdimar Gunnarsson,
formaður þjónustu-
deildar.

bilinu fimm til fimmtíu og tvo þar sem starfa fleiri en fimmtíu. Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Lista yfir félagslega trúnaðarmenn er að finna á vef félagsins. Á vegum félagsins eru starfandi nokkrar nefndir og stjórnir. Má þar nefna stjórn sjúkrasjúðs, vinnudeilusjúðs og fræðslusjúðs, ritnefnd, ferðanefnd og kjörstjórn. Þá á félagið fulltrúa í Mæðrastyrksnefnd og í stjórn Tjarnargerðis, sem er orlofshús í sameign með Bílstjóræfælagi Akureyrar.

Hver er í hvaða deild?

Það sem ef til vill vefst helst fyrir fólki eru tilteknar starfsstéttir sem eru þess eðlis að ekki liggur í augum uppi hvaða deild innan félagsins þær tilheyra. Til dæmis tilheyra opinberu deildinni allir þeir félagsmenn sem eru starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og einkastofnana sem annast aldraða, fatlaða og börn. Innan opinberu deildarinnar eru allmargir félagsmenn sem gætu allt eins tilheyrt annarri deild ef mið er tekið af starfi þeirra. Til dæmis má nefna vörubílstjóra hjá sveitarfélagi, sem er í opinberu deildinni en ekki tækja-, flutninga- og byggingadeildinni. Starfsfólk í mótuneyt-

um skóla og annarra opinberra stofnana eru í opinberu deildinni en ekki í þjónustudeildinni eins og kollegar þeirra í mótuneytum á almennum vinnumarkaði. Fleiri dæmi má finna á sömu nótum og líklega of langt mál að telja upp öll möguleg tilvik þar sem svona skörun á sér stað milli deilda. Ef félagsmaður er í vafa hvaða deild hann tilheyrir er að sjálfsögðu einfaldast að leita upplýsinga á skrifstofu félagsins. Þótt ekki fylgi tæmandi upptalningar fyrir hverja deild hér á eftir geta þær vonandi í flestum tilvikum upplýst þá félagsmenn sem eru í vafa um hvaða deild þeir tilheyra.

Iðnaðardeild

Í Iðnaðardeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna í fata-, vefja- og skinnaiðnaði, úrvinnslu iðnaði, hreinlætisvöruiðnaði, plast-, gúmmí-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniðnaði. Einnig starfsmenn í ofna-, bobbinga- og hillusmiðum og skyldum málmsmiðum, svo og þeir sem vinna við endurvinnslu, í húsgagnaiðnaði, þvottahúsum og efnalaugum á almennum vinnumarkaði, á dekkjaverkstæðum, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum og við línu- og netagerð, ásamt fleirum. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Þorsteinn E. Arnórsson - steini@eining-idja.rl.is.

Stjórn Iðnaðardeildar starfsárið 2003-2004 er þannig skipuð:

Formaður	Eyþór Karlsson	Endurvinnslunni
Varaformaður	Þórhildur Sigurjónsdóttir	Glófa
Ritari	Sigrún Ásdís Jónsdóttir	Skinnaðiðnaði
Meðstjórnendur	Jón Kristinn Arngrímsson	Sæplasti
	Valborg Aðalgeirsdóttir	Glófa
Varamenn	Áslaug Kristjánsson	Skinnaðiðnaði
	Garðar Vésteinsson	Dekkjahöllinni
	Monika Steingrimsdóttir	Mjöll

Matvæladeild

Í matvæladeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við landbúnað, mjólkuriðnað og kjötvinnslu, í sláturhúsum, kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruðnað. Einnig þeir sem vinna við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, það er í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu, fiskeldi, hrognavinnslu, síldarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitningu. Þjónustufulltrúi matvæladeildar er Matthildur Sigurjónsdóttir - matt@eining-idja.rl.is

Stjórn Matvæladeildar starfsárið 2003-2004 er þannig skipuð:

Formaður	Anna Júlíusdóttir	ÚA
Varaformaður	Margrét H. Marvinsd.	Norðurmjólk
Ritari	Ólóf Gunnlaugsd.	Samherja, Dalvík
Meðstjórnendur	Stefán Aðalsteinss.	Kjarnafæði
	Stefán Benjamínss.	Ísfélagi Vestmannaeyja
Varamenn	Egill Ragnarsson	Samherja, Hjalteyri
	Ingimar Harðarson	Norðlenska
	Magnús Björnsson	Vífelfelli

Opinbera deildin

Innan opinberu deildarinnar eru þeir félagsmenn í Einingu-Iðju sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, svo og einkastofnunum sem annast aldraða, fatlaða og börn. Deildin hefur þá sérstöðu að hún nær yfir fleiri starfsgreinar en hinar deildirnar því innan hennar eru allir félagsmenn í Einingu-Iðju sem starfa hjá áðurtöldum vinnuveitendum, hvort sem viðkomandi starfar á vinnuvél, í þjónustustarfi eða öðrum störfum sem ætla mætti að tilheyru til dæmis þjónustudeild eða tækja-, flutninga- og byggingadeild, svo dæmi sé nefnt.

Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson - bjorn@eining-idja.rl.is

Stjórn Opinberu deildarinnar starfsárið 2003-2004 er þannig skipuð:

Formaður	Sigríður K. Bjarkad.	Leikskólanum Pálmholti
Varaform.	Guðmundur Karlss.	Þrastarlundi
Ritari	Árni Másson	Framkv.miðst. Ak.bæjar
Meðstj.	Svanhildur Sigtryggsd.	Brekkuskóla
	Marzibil E. Kristjánsd.	Grýtubakkahreppi
Varamenn	Ásrún Ásgeirsdóttir	Hjúkrunarheimilinu Hlíð
	Erla Hrund Friðfinnsd.	Leikskólanum Lundarseli
	Sigurlaug Rögnvaldsd.	Leikskólanum Álfasteini

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Í þessari deild eru meðal annarra þeir sem vinna í byggingavinnu, við vegagerð, hjá steypustöðvum, á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum, í slippvinnu, hafnarvinnu, vöruskemmum og hjá flutningafyrirtækjum.

Þjónustufulltrúi deildarinnar er Matthildur Sigurjónsdóttir - matty@eining-idja.rl.is

Stjórn Tækja-, flutninga- og byggingadeildar starfsárið 2003-2004 er þannig skipuð:

Formaður	Þorsteinn J. Haraldss.	Slippstöðinni
Varaform.	Guðmundur Björnss.	SS Byggi
Ritari	Sigurður S. Ingólfss.	Norðurmjól
Meðstj.	Brynjólfr Magnúss.	GV Gröfum
	Ingvar Kristjánsson	Möl og sandi
Varamenn	Haraldur Ævarsson	Gámaþj. Norðurlands
	Reynir Helgason	Eimskip
	Tryggvi Kristjánsson	Dalvíkurbyggð

Þjónustudeild

Í þjónustudeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við ræstingar og eldhússtörf á almennum vinnumarkaði, á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum, við ferðaþjónustu bænda og annað sem fellur undir ferðaþjónustu og við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn).

Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson - bjorn@eining-idja.rl.is

Stjórn Þjónustudeildar starfsárið 2003-2004 er þannig skipuð:

Formaður	Valdimar Gunnarsson	Oddvitanum
Varaform.	Jakob Tryggvason	Securitas
Ritari	Aðalbjörg Sigvaldad.	Skinnaðnaði
Meðstj.	Júlíana G. Kristjánsd.	ISS Ísland
	Halldóra H. Höskuldsd.	Útgerðarfé. Akureyringa
Varamenn	Sigurður Þ. Karlsson	Securitas
	Erna Friðriksdóttir	Lindinni
	Elín Skarphéðinsdóttir	Hótel KEA

Do you know your rights?

Eining-Iðja wishes to continue with the policy begun in the June issue of the union periodical and publish information in English to be able to reach those members who have problems reading and understanding Icelandic.

Study grants

The union would like to remind its members that they are entitled to apply for and receive grants from the education fund LandsMennt through Eining-Iðja. A regular amount would be ISK 35,000 or a maximum of 75% of the cost of the course. For further information, please contact the union office.

Reduced rates for physical rehabilitation and swimming

Members of Eining-Iðja can buy year and half-year access cards at reduced rates at the physical training centre Bjarg and the health rehabilitation centre Átak. The swimming pool at Þelamörk also sells ten hour cards at a reduced rate.

Wage increases at the turn of the year

Please note that the wages of union members who are paid according to the contract between the Municipal Wages and Salaries Commission and the Union of Icelandic Workers (SGS) on behalf of Eining-Iðja and other unions are due to be raised by 3.0% at the coming turn of the year. The contract between SGS and the Municipal Wages and Salaries Commission is valid until and including 30 April 2005.


December bonus

Please note that union members are entitled to a December bonus in accordance with their wage contract. The bonus is to be paid as one sum. The bonus amount varies according to contract as well as the period defined as a full-time position. With respect to further details or exceptions, members should contact the union office. According to contracts with the State and on the general labour market, a full December bonus is ISK 37,000 and ISK 53,079 in municipal contracts. Payment is proportional if an employee has worked part-time or part of the year.


Various sickness fund entitlements

A so-called sickness fund is operated under the auspices of the union. Among other benefits, union members are entitled to daily allowance payments in case of illness on the basis of certain rules which are too complicated to be explained in a brief text. The fund takes care of repayments because of women's cancer inspections, part of expenses related to therapeutic massage, physical therapy etc.

The editorial committee of the Eining-Iðja union periodical hopes that by publishing it in part in English the union will be able to inform more of its members about their rights than was previously the case. The staff at the Eining-Iðja office are always ready to provide information and explain regulations relating to the rights of union members.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



AKUREYRARBÆR
Geislagata 9 - 600 Akureyri
Sími 460 1000 - Fax 460 1001
www.akureyri.is

Blómabúðin
AKUR
KAUPANGI VÍMYRARVEG



VÉLSMIÐJAN ÁSVERK EHF.



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFIJARÐAR
spol.is



BM-VALLA
www.bmvalla.is



Sjálfsbjörg Akureyri
Sími 462 6888



SAMHERJI HF
samherji.is



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Sími 462-3524 - Fax 461-1325



www.flytjandi.is



www.byko.is

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR
.....á traustum grunni

ÁSBYRGI - flóra
Frotagötu 2a, 603 Akureyri, sími 462 3280 & 461 1155

Höldur ehf.
www.national.is

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI VÍMYRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími: 461-2977



Verkfærastofa
Norðurlands ehf.
www.nm.is



Sími 461 1172



Krossanesi • S: 460 7200
www.laxa.is



**BLIKK- OG
TÆKNIÞJÓNUSTAN hf.**

Sími 462 4017



ÞORMÓÐUR RAMMI - SÆBERG HF.
www.rammi.is



www.kjarnafaedi.is



Sími 462 1909



Glerárgötu 24
600 Akureyri
www.kpmg.is



Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is



randburg.com/is/glofi.html



**SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS**
Sætúni 1 . 105 Reykjavík
www.ssi.is

Alltaf fundist gaman að vinna fyrir verkalyðshreyfinguna

Arndís Sigurpálsdóttir hætti í stjórn Einingu-Iðju á aðalfundi félagsins síðastliðið vor eftir áralangt starf fyrir félagið og annan forvera þess, Iðju. Hún hefur verið lengi að, bæði á vinnumarkaði og í störfum fyrir verkalyðshreyfinguna. Árið 1964, þá innan við fjórtán ára gömul, flutti hún að heiman, leigði sér herbergi á Akureyri og fór út á vinnumarkaðinn, hóf þá störf hjá pylsugerð KEA og starfaði hjá KEA meira og minna allt fram til ársins 1997. „Ég kem úr stórfi fjölskyldu og það var ekkert um það að ræða að fara í framhaldsskóla. Ég fékk vinnu í pylsugerðinni og hef eiginlega unnið alla mína tíð hjá Kaupfélaginu,“ segir hún í kaffispjalli við blaðamann félagsblaðsins.



Arndís Sigurpálsdóttir kennir nú börnum í Valsárskóla á Svalbarðseyri eftir áratugastarf hjá KEA og fyrir verkalyðshreyfinguna.

Þegi aldrei mjög lengi ef...

Arndís segir þátttöku hins almenna félagsmanns í starfi verkalyðshreyfingarinnar hafa breyst með árunum. „Ég sótti alltaf fundi og fylgdist vel með starfinu. Það fóru allir á fundi þá,“ segir Arndís spurð um störf sín innan verkalyðshreyfingarinnar. Hún varð trúnaðarmaður í Kjötíðnaðarstöð KEA 1985 og var í því þangað til hún hætti hjá KEA 1997 en að auki fór hún beint inn í trúnaðarráð Iðju. „Ég er nú einhvern veginn svoléiðis að ég þegi aldrei mjög lengi ef mér finnst eitthvað vera sem ég get lagað,“ segir hún.

Hún sat í trúnaðarráði og fjölmörgum nefndum á vegum Iðju í gegnum árin, síðan í stjórn félagsins og sótti að sjálfsögðu fjöldamörg þing á vegum Alþýðusam-

bands Norðurlands, Landssambands iðnverkfólks og Alþýðusambands Íslands. Þá sat hún meðal annars í stjórn Landsambands iðnverkfólks og jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ. Hún var gjaldkeri

og tíðum vanþakklát en telur að það geti verið að hluta vegna þess að fólk viti ekki nægilega mikið um það starf sem fram fer í félögunum. „Ég held að oft sé það þannig að hinn almenni félagsmaður geri sér ekki

grein fyrir því hvað það er mikil vinna sem hvílir á stjórnarfólki, sérstaklega í stóru félögunum. Þó það sé fullt af starfsfólki á skrifstofu eins og hjá Einingu-Iðju þá er þetta mikil vinna hjá þeim sem sitja í stjórn. Þar og á skrifstofu félagsins er fólk sem vinnur mjög óeigingjarnt starf.“

Aðspurð segir hún baráttuna hafa breyst í gegnum árin. „Ég hef það stundum á tilfinningunni að þetta sé þannig að stjórnirnar séu kosnar og svo eigi þær að sjá um málið. Fólk kemur ekki mikið á fundi nema helst í kring-

um samninga og ef það er einhver óánægja.“ Skýringu á þessu segir hún líklega vera tímaskort hjá fólki því flestir hafi einfaldlega svo mörgu öðru að sinna nú til dags.

Hún segir margar vinnustundir hafa farið í störf fyrir verkalyðshreyfinguna en segist þó alls ekki sjá eftir þeim stundum. „Ég sé sko ekki eftir neinu í sambandi við þetta. Það eina sem ég sé kannski eftir er að hafa ekki byrjað fyrr að mennta mig,“ segir hún og vill koma á framfæri hvatningu til kvenna um að mennta sig meira. „Látið ekki draumana ofan í skúffu og hættið. Það er svo gaman að læra eitthvað nýtt og ómetanlegt að láta draumana rætast.“

Iðju og síðan ritari og þá varaformaður frá 1996 fram til sameiningar við Einingu en þar fór hún inn í stjórn sem ritari og sat þar þangað til í maí síðastliðnum. Arndís hætti þá vegna þess að hún er komin í annað stéttarfélag, lauk kennaraprófi frá Háskólanum á Akureyri í vor og starfar nú sem kennari við Valsárskóla á Svalbarðseyri. „Það er ekki hægt að halda öllu. Þó að það sé gott fólk og gaman að starfa í verkalyðshreyfingunni þá hefur verið brotið blað hjá mér. Mig dreymdi alltaf um að fara í frekara nám,“ segir hún er kveðst þó ekki ætla að sækjast eftir því að fara í trúnaðarstörf í sínu nýja félagi.

Mikið starf og óeigingjarnt

Arndís segir störf að verkalyðsmálum oft

Byggist á einstaklingum sem rífa starfið áfram

Hilmir Helgason hefur starfað um árabil að félagsmálum innan verkalyðshreyfingarinnar og starfar enn þótt hann hafi látið af starfi sem stjórnarmaður í Einingu-Iðju síðastliðið vor – raunar að eigin frumkvæði að segja má því hann lagði til sjálfur að gjaldkerastaðan í stjórninni yrði lögð niður.

Byrjaði snemma að skipta mér af

Hilmir kveðst aðspurður ekki muna ártölin í starfi sínu fyrir hreyfinguna nákvæmlega enda skipti þau ekki öllu máli. Hann kom


inn í Einingu 1976 úr launþegadeild BÍL-stjórafélags Akureyrar en hann hefur starfað allan þennan tíma hjá Möl og sandi – sem nú heitir reyndar BM Vallá. „Ég fór nú fljótt að skipta mér af málunum, byrjaði sem trúnaðarmaður á vinnustaðnum og fór inn í trúnaðarráðið 1979 eða ’80. Þegar maður skiptir sér af þá er maður ævinlega beðinn um að taka eitthvað meira. Ég var kominn í varastjórn 1989,“ segir Hilmir þegar hann er spurður um upphaf afskipta hans af verkalyðsmálum. Hann varð síðan meðstjórnandi í Einingu 1992 og gjaldkeri

félagsins 1997 og áfram í sameinuðu félagi, Einingu-Iðju, frá 1999 þangað til í vor.


- Hefur starfið innan hreyfingarinnar breyst mikið á þessum tíma?

„Já, það hefur breyst töluvert mikið og sérstaklega þegar deildaskiptingin var tekin upp í félaginu. Síðan þá hefur starfið aukist og virknin líka. Aftur á móti er annað sem hefur dáið út, en það eru hinir almennu félagsfundir sem voru áður – og voru kannski ekkert sérstaklega vel sóttir en eru mjög

Framhald á bls. 24.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Kartöflusalan ehf.

Fjölinsgötu 2b • 603 Akureyri
Sími 462 5800 • Fax 461 2571



Félag
járníðnaðar-
manna

www.metalnet.is



Verkalýðsfélag
Akraness

www.akranes.sgs.is



Sjómannafélag
Eyjafjarðar
www.sjoey.is



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR
www.vsfk.is



ENDURVINNSLAN HF

Krúttanag 4 · Pósthólf 4012 · 104 Reykjavík
Sími 550 8522 · Síðafaxi 550 8088
www.endurvinnslan.is



HÚSASMÍÐJAN

Lónsbakka, 601 Akureyri
www.husasmidjan.is



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

www.chamber.is



Skeljungur hf.

www.shell.is

VÉLATORG ehf

Dalsbraut 1, 600 Akureyri



EFLING
SÖÐURADJAFÉLAG
www.eflingehf.is



HYRNA ehf

BYGGINGAVERKTAKI · TRÉSMÍÐJA
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 461 2603 · Fax 461 2604



www.sib.is



www.afe.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar

ISKRAFT
RAFÍÐNAÐARVERSLUN

www.iskraft.is

Stál heildsala
Zinkhúðun
Stálsmiði

Sandblástur & Málmhúðun

www.sandblastur.is



VÉLA- & STÁLSMÍÐJAN
AKUREYRI



www.efling.is



www.kjoris.is



SÍMINN
WWW.SIMINN.IS



LOSTÆTI
VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA



sr@mar.is



Höfðabakka 9 • Reykjavík • Sími: 563 8000
www.marel.is



Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.
Sími 466 1140 • Fax 466 3114

**Deloitte
& Touche**

Sími 462 3811 • Fax 462 1474
rjj@deloitte.is www.deloitte.is



Félög hársnyrtisveina
fhf@ri.is

ÍSTÖÐIN hf

isstodin@simnet.is

Framhald af bls. 22



Hilmir Helgason við störf hjá BM Vallá – áður Möl og sandi – en þar hefur hann starfað síðan á áttunda áratug síðustu aldar.

illa sóttir í dag nema þá helst í tengslum við kjarasamninga. Í dag er þetta nær eingöngu fulltrúavinna og þá er það fyrst og fremst trúnaðarráðið sem starfar og það er mjög virkt. Eins sýnist mér að þessi deildaskipting hafi heppnast þokkalega vel.“

Hilmir kveðst ekki vita fyrir víst ástæðuna fyrir þessari þróun. „Ég óttast að ástæðan sé sú að of margir líti á félagið sem stofnun og ætlist til þess að þær vinni fyrir mig en ekki að ég sé hluti af hópnum. Ég held að þetta sé of sterkt viðhorf. Í þessu félagsstarfi eins og öðru byggist starf félagsins á einstaklingum sem þurfa að rífa það áfram,“ segir hann en kveðst ekki kunna ráð til að breyta þessu.

Baklandið verður að vera sterkt

Hilmir hefur starfað með þremur formönnum í Einingu og svo Einingu-Íðju, þeim Jóni Helgasynti, Sævari Frímanssonsyni og nú Birni Snæbjörnssyni. Hann segir marga eftirminnilega samstarfsmenn innan verkalyðshreyfingarinnar og er ánægður með núverandi forystu. „Við erum með þrælöflugan foringja eins og er. Björn er sennilega með öflugri verkalyðsforingjum sem eru nú um stundir þó maður eigi kannski ekki að vera að meta það. Kannski ræðst það mest af því hvernig mönnum tekst að fylkja fólki á bak við sig og

ég held að honum takist það þokkalega, mér sýnist það.“

– Nú virðist starfið innan verkalyðshreyfingarinnar stundum vanþakklátt – hefurðu einhvern tímann lent í þeirri stöðu að vilja hætta þessu öllu saman vegna sárinda?

„Nei, ég er nú þannig gerður að ég læt svoleiðis ekki mikið á mig fá. Ég hef yfirleitt reynt að líta á jákvæðu hliðarnar frekar en þær neikvæðu. Það sem aftur á móti er verst, og það gerist frekar í þrengri samningum og þá helst að trúnaðarmenn lendi í því, er þegar mönnum er att út í að berjast fyrir einhverju og þeir telja sig vera að gera rétta hluti en þegar á reynir er baklandið allt í einu horfið. Það er afskaplega slæmt og gerir menn órugga. Menn verða að átta sig á því að ef farið er út í einhverjar aðgerðir þá verður að standa heilshugar á bak við þá sem eru í fylkingarbrjósti. Það gerir menn óstarfhæfa ef baklandið hverfur – eins og tilhneiging er hjá atvinnurekendum með því að reyna að tvístra hópnum.“

Hilmir segir það sína skoðun að verkfallsvopnið geti verið tvíeggjað og hann hafi komist á þá skoðun með þátttöku sinni í samningaviðræðum að verkfall sé algjört neyðarúrræði. Samt sem áður leggur hann mikla áherslu á að verkalyðsfélög þurfi að hafa yfir öflugum verkfallssjóðum að ráða sem hægt yrði að grípa til ef á þyrfti að halda.

Nennti ekki að hanga og horfa á!

Oft heyrist talað um dæmigerð karla- eða kvennastörf. Oftar en ekki hafa slík störf verið eignuð öðru kyninu vegna forðóma í þá átt að hitt kynið sé ekki fært um að inna tiltekið starf af hendi svo vel sé. Blaðamaður félagsblaðsins frétti af tveimur konum í löndunargengi í Ólafsfirði og sló á þráðinn til annarrar þeirra.

Kristín Anna Gunnólfssdóttir hefur starfað við löndun í Ólafsfirði í um tvö ár. „Ég byrjaði sem skrifari við að skrifa

an vinnudag. „Ég hugsa það en við reynum að halda í við þá og reynum að gefa þeim ekkert eftir.“ Hún segir fólki ekkert kippa sér upp við það þótt þær séu tvær konurnar í löndunargenginu, hún og Berglind Sigurðardóttir. „Ég held ekki. Þessi sem er núna í hópnum var í þessu áður en gerðist svo sjómaður. Hún er núna í ársleyfi frá sjónum, er að læra og er í þessu á meðan. Önnur sem var með okkur áður er farin í Háskólann og hefur ekki tíma



„Maður er auðvitað oft mjög þreyttur eftir margra klukkutíma vinnu við löndun en það á bara við okkur öll í hópnum, ekki bara konurnar,“ segir Kristín Anna Gunnólfssdóttir í Ólafsfirði.

Mynd: Helgi Jónsson, Ólafsfirði.

til að vinna þetta líka. Ég held að þeir séu bara orðnir vanir okkur,“ segir Kristín Anna um veru kvennanna í genginu.

Þurfum að fá að prófa

„Ég er alveg handviss um að það er fullt af konum sem geta unnið þessi störf. Það er spurningin um að komast og að maður sé tekinn inn í svona störf og leyft að prófa. Maður er auðvitað oft mjög þreyttur eftir margra klukkutíma vinnu í við löndun en það á bara við okkur öll í hópnum, ekki bara konurnar. Ég var alltaf lurkum lamin fyrst en er búin að sjóast í þessu,“ segir Kristín Anna, sem stundar samt sem áður líkamsrækt í tækjum og tólum til þess að halda sér í formi – átökinn á bryggjunni eru ekki næg fyrir kraftakonu eins og hana.

niður það sem fór inn í gámana og þetta leiddi bara af því, þróaðist út í það að ég fór að hjálpa hinum þegar ég hafði ekkert annað að gera. Þá nennti ég ekki að hanga bara og horfa á þá þannig að ég fór að hjálpa þeim,“ segir hún um starfið í löndunargenginu.

Skjóta óspart á okkur

„Já, þeir segja það strákarnir og skjóta óspart á okkur,“ segir hún spurð um það hvort hún finni fyrir því að vera í „karla-starfi“ og samsinnir því að strákunum finnist þær ef til vill heldur linar þegar líður á erfið-



Menntasmiðja unga fólksins:

1. Vorönn hefst um miðjan janúar 2004
 - Alþjóðastofa:
1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga.
2. Ráðgjöf og þjónusta.
 - Endur- og símenntunarnámskeið.

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Glerárgötu 28, 3.hæð

sími: 462-7255

www.menntasmiðjan.is

ASPRENT

Impra nýsköpunarmiðstöð - í þína þjónustu

Vantar þig aðstoð við að:

- stofna fyrirtæki?
- hrinda hugmynd í framkvæmd?
- gera viðskiptaáætlun?
- leita fjármögnunar?

Ef svo er vill Impra nýsköpunarmiðstöð á löntæknistofnun vekja athygli þína á handleiðslu fyrir frumkvöðla.

Þjónustan stendur öllum til boða án kostnaðar. Handleiðsla getur hentað einstaklingum og fyrirtækjum í öllum starfsgreinum.

Nánari upplýsingar um handleiðslu og önnur stuðningsverkefni eru veittar hjá Impru nýsköpunarmiðstöð í síma **462 1700** og **570 7100**, eða á heimasíðu Impru á www.impra.is



Impra nýsköpunarmiðstöð

löntæknistofnun

Glerárgötu 34 4h.

600 Akureyri

Sími 462 1700

Netfang: sigurdurs@itl.is



FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál og mannleg samskipti.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
Fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Orlofsferðir sumarið 2003

Sé eftir því að hafa ekki farið fyrr!

Farið var á Vestfirðina í orlofsferð félagsins um miðjan ágúst, gisti á Ísafirði og farið í ferðir þaðan. Félagsblaðið sló á þráðinn til Önnu Guðrúnar Jóhannsdóttur, leikskólakennara á Krógabóli. Vestfjarðaferðin var fyrsta orlofsferð félagsins sem hún fer í – og líklega sú síðasta því hún er orðin leikskólakennari og komin í annað stéttarfélag. Hún segist sjá mest eftir því að hafa ekki farið í svona ferðir með félaginu fyrr.

Bryggjusmiðir með í för

Fyrsta daginn var ekið vestur, meðal annars með viðkomu á Hólmavík þar sem draugasafnið var skoðað og síðan áleiðis vestur djúp til Ísafjarðar og gisti þar. Gefum Önnu Guðrúnu orðið: „Á öðrum degi sigldum við með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar. Við fórum í Hornvík þar sem farið var í land í mjög góðu veðri. Það var svo gott veður þegar við fórum þarna út að báturinn sigldi eftir sundi milli lands og drangs sem þarna er. Það er víst ekki hægt nema í mjög góðu veðri. Maður fékk eiginlega

sömu tilfinningu og þegar sýnt var í fréttum frá flugi í gegnum Dyrhólaey. Þegar við komum í Hornvík fórum við í gönguferðir, sumir löbbuðu meira og aðrir minna. Síðan, þegar fara átti í land, var farið að fjara ansi mikið og þarna er náttúrulega engin bryggja þannig að það þurfti að finna út úr því. Bjöss (Björn Snæbjörnsson), Maggi, maðurinn minn, og einhverjir fleiri, settu rekaviðardrumba út í sjó og bjuggu til hálfgerða bryggju. Fólkið var ferjað í gúmmítuðru og það var svo aðgrunnt að báturinn tók mjög fáa í einu. Þetta gekk hins vegar mjög vel eftir bryggjusmíðina. Það gaf síðan ansi vel á þegar við fórum til baka og þá komu góðar gusur yfir bátinn.“

Anna Guðrún segist aldrei hafa komið í



„Bryggja“ var smíðuð í snatri til þess að koma fólkinu út í bátinn eftir heimsókn í Hornvík.
Myndir: Bjöss og Magga.

ir sig og hafa það náðugt þegar við komum þarna, fimmtíu manna hópur, og rufum friðinn. Við vorum reyndar ekkert að angra parið sérstaklega!“

Gamaldags pönnukökur, kaffi og söngur

Anna Guðrún segir að skemmtileg stemmning hafi verið í ferðinni almennt og til dæmis hafi sameiginlegur kvöldverður á Ísafirði annað kvöldið verið mjög skemmtilegur, fólk hafi sungið og skemmt sér ágætlega. Hún segir greinilegt að ákveðinn kjarni fari oft í þessar ferðir og til dæmis hafi bílstjórinn sagt við þau hjónin í ferðinni að þau væru ný – hann þekkti sem sagt það fólk sem farið hafði áður. Þarna hafi verið nokkuð breiður aldurshópur en það hafi ekki skipt neinu máli, allir hafi verið jafnir og félagsskapurinn skemmtilegur.

Gisti var í húsnaði Menntaskólans á Ísafirði og síðan farið aftur í siglingu á þriðja degi en þá var haldið inn í Jökulfirði og land tekið á Hesteyri þar sem farið var í



Fjórar góðar. Í orlofsferðinni um Vestfirði var góð stemmning en sumum fannst helst til stuttur tími til að skoða sig um á hverjum stað.



Bruna þú nú bátur minn.



Formaðurinn með „stórfjölskyldunni“!

Orlofsferðir sumarið 2003

gönguferðir. „Þá var hún með okkur sem leiðsögumaður hún Kiddý frá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar og við skoðuðum okkur um á Hesteyri. Hún sagði okkur frá sögu byggðarlagsins en síðan var farið í kaffi og pönnukökur í gamla læknishúsinu á Hesteyri. Þar er náttúrlega ekkert rafmagn og allt bara ekta gamaldags. Það eru nokkuð mörg systkini sem eiga þetta, Vagnsbörn frá Bolungarvík, og þegar við vorum búin að fá okkur kaffi settist Soffía Vagnsdóttir út á tröppur og söng fyrir okkur. Þetta var mjög gaman. Það sem mér fannst samt einkenna ferðina var að stoppin voru í það stysta því við vorum nokkuð bundin af sjávarföllum. Þegar farið var frá Hesteyri fórum við í Grunnavík, fórum í land þar og skoðuðum meðal annars kirkjuna og fengum fræðslu um sögu staðarins. Þá var aðeins farið að gjóla en samt mjög hlýtt og ágætis veður. Þegar við komum síðan í land aftur var óvæntur glaðningur því keyrt var með þau okkar sem vildu upp á Bolafjall við Bolungarvík til þess að leyfa okkur að sjá yfir það svæði sem við vorum búin að fara um. Það er kominn mjög góður vegur upp á fjallið og nýlega búið að gera hann upp þannig að þetta er öllum fært. Þaðan sáum við mjög vel yfir allt svæðið. Síðasta kvöldið á Ísafirði var síðan frjálst og svo keyrt heim á fjórða degi. Þá vorum við ekki alveg eins heppin með veður því þá var farið að rigna,“ segir Anna Guðrún.

Hún segist hikaust mæla með ferðalagi um þetta svæði. „Heilt yfir fannst okkur þetta mjög góð ferð,“ segir hún en segir betra að gefa sér nægan tíma til að skoða og ganga um svæðið.

Auður Guðjónsdóttir, önnur frá hægri, ásamt ferðafélögum sínum í orlofsferð eldri félagsmanna Einingar-Íðju að Hveravöllum síðastliðið sumar.



Almenn ánægja eldri félagsmanna

Auður Guðjónsdóttir hefur farið í orlofsferðirnar sem Eining-Íðja býður upp á fyrir eldri félagsmenn frá því að hún hætti að vinna úti fyrir þremur árum. Auður hefur verið í félaginu í tugi ára, enda kveðst hún hafa gengið strax í félagið þegar hún hóf að starfa hjá ÚA 1964. Hún starfaði um árabíl með félaginu og var meðal annars trúnaðarmaður félagsins hjá ÚA í sautján ár og sat í trúnaðarráði félagsins, sótti þing fyrir hönd þess og fleira.

„Þetta eru alveg ágætis ferðir. Mér finnst ágætt að fara í dagsferðir og vera komin aftur heim að kvöldi. Þetta eru vel skipulagðar ferðir með fararstjórn og yfirleitt boðið upp á grillmat eða eins og núna þegar boðið var upp á ágætis mat í bökkum. Við fórum inn á Hveravelli og komum við í Blönduvirkjun í bakaleiðinni og skoðuðum hana. Það var mjög gaman,“ segir Auður.

Veislukaffi hjá kvenfélagskonum í Seyluhreppi

Auður kveðst ekki hafa skoðað Blönduvirkjun áður en hún hefur áður komið að Hveravöllum og víðar um hálendið. Eftir að Blönduvirkjun var skoðuð var komið við í Varmahlíð á heimleiðinni þar sem konur úr Kvenfélagi Seyluhrepps reiddu fram veislukaffi fyrir ferðalangana.

Spurð um skemmtileg atvik úr Hveravallaferðinni segir Auður að glatt hafi verið á hjalla og ferðin skemmtileg. „Það skeði nú ekkert sem hægt er að hlæja að beint, enginn brandari og ekkert óvænt,“ segir Auður og kveðst ákveðin í að halda áfram að fara með í orlofsferðir Einingar-Íðju fyrir eldri félagsmenn. „Það voru allir ánægðir með þessa ferð og yfirleitt með þessar ferðir. Það er almenn ánægja með það hjá okkur eldri borgurum að fá þennan dag og vera boðið upp á þetta. Þessar ferðir eru svotil gefins, þetta kostar svo lítið. Það er mjög gott að fá svona ferð einu sinni á sumri með jafnöldrum sínum.“

Gleðilegar jóla og nýárskefjur

SJÓVÁLMENNAR

Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 460 6464




Hafnarstræti 92
Sími 462 1818

la Vita e Bella
RISTORANTE

Myndagáta




L



b



h




urn



&



A



a

Lausn myndagátunnar er að finna á bls. 30. Lausnin er texti sem tengist jólunum.
Höfundur myndagátunnar er Aðalsteinn Svanur Sigfússon.

Góða skemmtun!

Jóla-krossgáta Einingar-Íðju

Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann. Lausnin er á bls. 30.

		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
		Leyfast Eðla	Samlitir í lár Hampur 18		Hinnir Vana Heiður	Hákk Borðager Söngl		Leiknust	Brúna í ofni Metta	22	12	
Hlífir Fata- Plass							12					13
Nín. 03	↓	Eldstö Einingis	Nuddgá Hvað? Rústir	1					8			14
Stallur Læti Tangi	25									23		15
Hengi- skraut					Óklóraða umfarð Ritningin							16
Málningu Táp	19					17 Hreinsuð Eflaust Korna		16				17
Forngrip Skordjurs 499										21		18
Fyndin	29				4 Strák							19
Gíla					Dansar							20
					Bunga Talsvart Festar		15					21
EKKI					Sting Fest Hous Vamar		20					22
utan Ósinghaf krók					3							23
2					Nagli Duglas kona							24
Skörp Tröll Natt	30					24		3 eins Gat Þúsund				25
	10											26
						Alögu Barir					13	27
Á litin Frunkni Dopran											Mann- nafn	28
		5						6				29
Samhlj.					28			14 Saka Fimm				30
Kumrað Sölgur Lón	11					9		7				

Verðlaunagetraun

Hvað verður gert þann 7. júní í orlofsferð Einingar-Iðju til Skandinavíu?

- () Ekið til Norrköping í Svíþjóð og gist þar.
 () Frjáls dagur í Helsinki.
 () Farið til Turku og þaðan tekin ferja til Maríuhafnar á Álandseyjum.
 () Maríuhöfn og nágrenni skoðað.

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sími: _____

Merkið við rétt svar, merkið seðilinn með nafni, heimilisfangi, pósthúsnúmeri og símanúmeri.

Klippið seðilinn út og sendið til okkar

á skrifstofuna eða skrifið lausnina á laust blað og sendið.

Skilafrestur er til kl. 17:00 miðvikudaginn 17. desember. Dregið verður úr réttum lausnum og vinningshafar látnir vita strax.

Utanáskriftin er:

Eining-Iðja
- Verðlaunagetraun
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsileg verðlaun eru í boði:

1. vinningur:

Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-Iðju að eigin vali sumarið 2004.

2.-3. vinningur:

Vöruúttekt að verðmæti 10.000 krónur í Nettó.



Lausnir á myndagátu og krossgátu

Lausn myndagátunnar á bls 28 er:
 Íslenskir jólasveinar
 þróað öfluga úr
 hrekksusvinnu yfir í þrosandi, fella
 og vinnalega karla.
 Íslenskir jólasveinar
 þróað öfluga úr
 hrekksusvinnu yfir í þrosandi, fella
 og vinnalega karla.
 Íslenskir jólasveinar
 þróað öfluga úr
 hrekksusvinnu yfir í þrosandi, fella
 og vinnalega karla.

Lausn krossgátunnar á bls 29 er:
 Göngum við í kringum einiberta-
 runn



Aðrar þjóðir öfunda okkur af traustu lífeyrissjóðakerfi

- Lífeyrissjóðirnir greiða sjóðfélögum ellilífeyri ævilangt og eru auk þess ódýrasta tryggingin til að mæta óvæntum áföllum, svo sem orkutapi eða andláti.
- Lífeyrissjóðirnir byggja á sjóðsöfnun, sem kemur í veg fyrir aukna skattbyrði almennings í framtíðinni.
- Lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt lögum sem tryggja öllu starfandi fólki aðild þannig að enginn verður afskiptur.
- Lífeyrissjóðirnir byggja á aðhaldssamri fjárfestingarstefnu sem stenst fyllilega samanburð við önnur lönd.

**Traust lífeyrissjóðakerfi til framtíðar
tryggir þinn hag!**





Íslandsbanki – þar sem gjafirnar vaxa!



Komdu þeim sem þér pykir vænt um skemmtilega
á óvart með nýstárlegri gjöf frá Íslandsbanka.

ÍSLANDBANKI | Hvar sem þú ert